

# *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

---

## *Minnisblað*

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Dagsetning: 27.04.2015  
Málsnúmer: FJR14080061  
Bréfalykill: 3.7

Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjáráaukar o.fl.).

**Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjáráaukar o.fl.).**

### **I. Inngangur**

Vísað er í tölvuskeyti dags. 15. apríl s.l. þar sem efnahags- og viðskiptanefnd óskar eftir við afstöðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins (ráðuneytisins) til helstu athugasemda sem bárust efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (Þskj. 990 – 571. mál).

Efnahags- og viðskiptanefnd bárust fjórtán umsagnir frá tólf aðilum vegna frumvarpsins. Þessir aðilar voru nánar til tekið Fjármálaeftirlitið, Hagsmunasamtök heimilanna, Lögmannafélag Íslands, MP banki hf. (tvær umsagnir), Neytendasamtökin, Neytendastofa, Rúnar Lárusson, Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja (tvær umsagnir), Seðlabanki Íslands, Viðskiptaráð Íslands og Virðing ehf. Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins (ráðuneytisins) við umsögnunum og tillögur að breytingum við einstakar greinar. Í lok minnisblaðsins er að finna samantekt á breytingum sem lagðar eru til.

### **II. Tilefni lagasetningarinnar.**

Með frumvarpinu er stefnt að því að stíga fyrsta skrefið í því að aðlaga íslenska löggjöf á sviði fjármálamarkaða að Basel III staðlinum og nýju regluverki Evrópusambandsins nánar til tekið tilskipun 2013/36/ESB sem fjallar um stofnun, starfsemi og eftirlit með fjármálafyrirtækjum. Auk þess er að finna í frumvarpinu heimild til handa ráðherra til þess að innleiða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem fjallar m.a. um eiginfjárkröfur á fjármálafyrirtæki. Umrædd tilskipun og reglugerð hafa verið nefnd „CRD IV/CRR regluverkið“.

Regluverkið er víðamikil og fjölmargar breytingar hafa verið gerðar á eldri tilskipunum á sama sviði. Í þessu frumvarpi er að finna breytingar sem byggðar eru á efni tilskipunarinnar sem varða starfsleyfi, stofnun og starfsemi, starfsheimildir, stórar áhættuskuldbindingar, eignarhluti og meðferð þeirra, stjórn og starfsmenn, starfskjarastefnu og breytileg starfskjör, meðhöndlun áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis og áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja og eiginfjáráuka. Frumvarp til breytinga á sömu lögum verður lagt fram á

Alþingi í haust og með því er gert ráð fyrir að ljúka innleiðingu á CRD IV tilskipuninni í íslenskan rétt.

Auk þess inniheldur frumvarpið breytingar vegna ábendinga frá Eftirlitsstofnun EFTA varðandi innleiðingu á tilskipunum 2004/39/EB (MiFID-tilskipunin) og 2002/87/EB (fjármálasamsteypur). Þá er einnig að finna aðrar breytingar sem m.a. eru komnar til vegna úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fylgni Fjármálaeftirlitsins við kjarnareglur Basel-nefndarinnar um skilvirkt bankaeftirlit (Basel Core Principles for Effective Banking Supervision).

Þá má einnig geta þess að frumvarpið byggir að hluta til á frumvarpi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki sem lagt var fram á 143. löggjafarþingi (þskj. 883 – 522. mál) en var ekki afgreitt.

## **II. Viðbrögð við umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd.**

Hér fyrir neðan er að finna viðbrögð ráðuneytisins við umsögnum (og aðrar ábendingar). Til hægðarauka er fjallað um viðbrögð við athugasemdum við hverri grein frumvarpsins en ekki hverri umsögn. Í lok minnisblaðsins er að finna heildaryfirlit um breytingartillögur ráðuneytisins.

### **Almennt um frumvarpið.**

#### *Séríslenskar reglur:*

Í nokkrum umsögnum m.a. umsögn Samtaka atvinnulífsins (SA), Viðskiptaráðs Íslands (VÍ), MP banka(MP) og Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) er lögð áhersla á það að CRD IV/CRR regluverkið verði ekki innleitt hér á landi með meira íþyngjandi hætti en í ríkjum Evrópusambandsins (ESB) en í frumvarpinu sé að finna slík dæmi og er það gagnrýnt í umsögnunum. Vísar SA m.a. til þess í umsögn sinni að aukning séríslenskra reglna fram yfir skuldbindingar evrópugerða muni auka kostnað innlendra fjármálafyrirtækja og valda því að lánakjör hér á landi verði hærra en í samkeppnislöndum og í umsögn VÍ er einnig vísað til sambærilegra sjónarmiða en jafnframt til sjónarmiða um að slíkt geti skert samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Í umsögn MP er vikið að því að frávik frá löggjöf sem gildir á EES-svæðinu eru einungis til þess fallin að auka á óskilvirkni á fjármálamarkaði og á sama tíma minnka gagnsæi. Þá séu séríslenskar reglur til þess fallnar að auka flækjustig fyrir fjármálafyrirtæki sem leiðir til aukins rekstrarkostnaðar innlendra fjármálafyrirtækja. Þessi kostnaður leggist hlutfallslega þyngra á minni fjármálafyrirtæki þar sem sú aukna vinna sem slíkt hefur í för með sér sé hlutfallslega meiri hjá smærri fjármálafyrirtækjum. Í umsögn SFF er að finna sambærileg sjónarmið en auk þess vísar SFF til þess að meðalhófsregla eða að ekki skuli tekið tillit til eðli, stærðar, umfangs og margbreytileika eða flækjustigs í rekstri fjármálafyrirtækja í ákvæðunum. Slíkt getur reynst minni fjármálafyrirætkjum íþyngjandi.

Ráðuneytið tekur undir þá afstöðu umsagnaraðlila að mikilvægt sé að tryggja íslenskum fjármálafyrirtækjum sambærilegt lagaumhverfi við það sem finnst í nágrannaríkjunum, líkt og fram kemur í greingardr fjármála- og efnahagsráðuneytisins um umbætur á löggjöf á fjármálamarkaði sem kynnt var við upphaf 144. löggjafarþigns. Þar segir enn fremur að

„[v]ægari kröfur en tíðkast annars staðar um sambærilega starfsemi myndu draga úr trúverðugleika íslenskra fjármálafyrirtækja og torvelda erlenda fjármögnun þeirra og þar með samkeppnisfærni. Með þetta að leiðarljósi hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið unnið að mótun löggjafar sem byggir á Evrópugerðum þrátt fyrir að ekki hafi enn fundist leið til þess að taka gerðirnar formlega inn í EES-samninginn vegna ákvæða í þeim um framsal valds til eftirlitsstofnana Evrópusambandsins sem ekki eru talin standast ákvæði stjórnskrár. Þá ættu séríslenskar kvaðir heldur ekki að

vera stífari en annars staðar gerist nema að fyrir því séu rík efnahagsleg rök og almannahagsmunir, en gríðarlegur efnahagslegur og samfélagslegur kostnaður af hruni fjármálakerfisins árið 2008 sýna að svo kunni vel að vera. Á það ekki síst við um þar sem slíkar reglur geta aukið viðnámsþrótt íslenska bankakerfisins og dregið úr mögulegum kostnaði ríkissjóðs og áhrifum á raunhagkerfið ef illa fer.“  
[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/rit2014/Skyrsla-fjarmala--og-efnahagsradehrra-um-loggjof-um-fjarmalathjonustu\\_heildarskjal\\_25092014\\_lokaskjal.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/rit2014/Skyrsla-fjarmala--og-efnahagsradehrra-um-loggjof-um-fjarmalathjonustu_heildarskjal_25092014_lokaskjal.pdf)

Við smíði lagafrumvarpsins hafa sérfræðingar ráðuneytisins skoðað erlenda löggjöf um efni sem er að finna í frumvarpi þessu m.a. breska, danska, franska, hollenska, írski, norska og sænska löggjöf. Hjá þessum ríkjum má finna fjölda dæma um sérstakar reglur sem gilda um fjármálafyrirtæki þessara ríkja almennt sem bæði tengjast evrópuinnleiðingum og sérreglum sem settar hafa verið í þessum ríkjum sem t.d. gilda ekki hér á landi. Þá er einnig að finna dæmi í löggjöf Norðurlandþjóðanna að þau hafi samhliða innleiðingu CRD IV tilskipunarinnar sett inn sérákvæði í sína löggjöf og má að þessu leyti t.d. vísa til margra útfærsla í 77. gr. a – 79. gr. a í dönskum lögum um fjármálafyrirtæki (d. lov om finansiel virksomhed). Ráðuneytið bendir á að við mat á innleiðingu evrópugerða í íslenskan rétt er oft nauðsynlegt að huga að séríslenskum aðstæðum við lagasetningu með séríslenskum reglum til að bregðast við sérstökum aðstæðum hér á landi.

Ráðuneytið er ekki sammála því að verið sé að bæta á séríslenskar reglur með frumvarpinu heldur þvert á móti er verið að fækka þeim. Þannig er t.d. dregið úr séríslenskum reglum með breytingum sem finna má í 10., 11., 13., 19., 25. og 26. frumvarpsins. Að mati ráðuneytisins innihalda flest ef ekki öll önnur ákvæði efni sem er í samræmi við efni og orðalag þeirra evrópugerða sem vísað er til í frumvarpinu. Hér skal sérstaklega tekið fram að í breytingum á 52. gr. laganna með 19. og 20. gr. frumvarpsins (hæfi stjórnarmanna) er að finna séríslenskar reglur en einungis þær sem nú þegar fyrir finnast í gildandi lögum. Þar er engum nýjum séríslenskum reglum bætt við. Séríslenskar reglur sem þar er að finna komu flestar inn í lög in í kjölfar fjármálahrunsins og er tilgangur þeirra að taka á þeim vanköntum sem voru til staðar í regluverki á fjármálamarkaði fyrir hrún og áttu sinn þátt í efnahagshruni landsins. Ríkar ástæður hvíla að baki þessum reglum.

Auk alls ofangreinds vísar ráðuneytið í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða sem fjallar um innleiðingu gerða skv. EES samningnum á sviði fjármálaþjónustu í íslenskan rétt. Á bls. 22-23 í 5. bindi segir:

„Í úttekt sem var framkvæmd fyrir rannsóknarnefnd Alþingis á innleiðingu afleiddrar EES löggjafar kom í ljós að sú leið var almennt ekki valin hér á landi að nýta heimildir til að gera strangari kröfur til fjármálafyrirtækja en löggjöf Evrópusambandsins gerir að lágmarki ráð fyrir. Af lögskýringargögnum og umræðum á Alþingi má ráða að ástæðan fyrir þessu hafi fyrst og fremst verið sú að íslensk stjórnvöld töldu að slík löggjöf myndi draga úr samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja. Sömu viðhorf komu fram hjá stjórnendum fjármálafyrirtækja sem í gegnum hagsmunasamtök sín beittu sér gegn því að strangari kröfur yrðu gerðar til fyrirtækjanna. Af lögskýringargögnum verður því ekki ráðið að áherslan við þær breytingar sem gerðar voru á reglum íslenskra laga um starfsheimildir fjármálafyrirtækjanna, þegar þeim var breytt samhliða innleiðingu á tilskipunum Evrópusambandsins vegna aðildar Íslands að EES-samningnum, hafi umfram annað lotið að þeim aðstæðum á Íslandi sem gátu talist sérstakar og á annan veg en í þeim nágrannalöndum sem fyrirmyndir að löggjöfinni voru sóttar til. Slík atriði lutu eðli

málsins samkvæmt að smæð íslenska efnahagskerfisins, íslenska gjaldmiðlinum, stjórn peningamála og fjármálastöðugleika. Til viðbótar komu síðan atriði sem lutu að sérstöðu íslensks viðskiptalífs eins og hætta á að nánin hagsmunatengsl og samþjöppun eignarhalds leiddi til kerfislegrar áhættu og hagsmunaárekstra.“

Í skýrslunni er sett fram gagnrýni á að fyrir fjármálahrundið haustið 2008 voru evrópugerðir nánast undantekningarlaust innleiddar með beinþýðingum á orðalagi viðkomandi evrópugerða án þess svigrúms sem slíkar gerðir veittu ríkjum til reglusetningar og að hugað væri að séríslenskum aðstæðum.

#### *Aðlögunartími:*

Í nokkrum umsögnum er að finna áhyggjur á því að ekki sé gefin nægjanlegur aðlögunartími að nýjum reglum sem finna má í frumvarpinu m.a. í umsögnum SA, VÍ, MP og SFF. Ráðuneytið hafnar þessu. CRD IV regluverkið var samþykkt á vegum ESB vorið 2013 og birt í Stjórnartíðindum ESB í júní sama ár. Regluverkið tók að stærstum hluta gildi 1. janúar 2014 og gildir í öllum ríkjum ESB. Aðlögunartími er þó að finna á ákveðnum reglum sem finnast í regluverkinu m.a. varðandi eiginfjáruka. Ríkjum er þó heimilt að innleiða þá hraðar í sinn landsrétt. Frumvarp var lagt fram á 143. löggjafarþingi (þskj. 883 – 522. mál) sem innleiða átti hluta tilskipunarinnar þ.á m. einn eiginfjárukanna svonefndu þ.e. verndunaraukann og í frumvarpinu boðað að aðrir eiginfjárukar yrðu fljótlega innleiddir í íslenskan rétt. Fjármálafyrirtæki hér á landi hafa því verið meðvituð um það í nokkur ár núna að umræddar reglur yrðu fljótlega teknar upp hér á landi auk þess sem skýrt var kveðið um þessa fyrirætlan ráðuneytisins í greinargerðinni sem áður er vísað til um umbætur á löggjöf á fjármálamarkaði. Varðandi þrepun á eiginfjárukum í íslenskan rétt er nánar vísað í umsögn ráðuneytisins varðandi athugasemdir við 45. gr. frumvarpsins. Þar kemur m.a. fram að áætlun um innleiðingu eiginfjárukanna í landsrétt og tímamörk á því eru í samræmi við það sem gert er í nágrannaríkjum. Nú þegar hafa flestar Norðurlandþjóðanna tekið upp allar þessar heimildir að fullu leyti eða taka þær upp að fullu leyti um næstu áramót. Þá skal þess sérstaklega getið að aðeins einn eiginfjárukanna er viðvarandi og kveður á um skyldu fjármálafyrirtækjanna til þess að viðhalda honum á hverjum tíma hinir fela einungis í sér heimildir til þess að beita þeim þegar sérstakar ástæður eru fyrir því að beita þeim. Því er nauðsynlegt að hafa slíkar heimildir til staðar ef slíkar aðstæður skapast hér á landi.

#### *Undanþáguheimildir:*

Í nokkrum umsögnum er að finna gangrýni á það að í ýmsum ákvæðum sé kveðið á um heimildir FME til þess að veita undanþágur frá skyldum skv. ákvæðum frumvarpsins. Er það mat VÍ að slíkar undanþágur, án efnislegra skilyrða, séu bagalegar og til þess fallnar að draga úr gangsæi um framkvæmd laganna. Þá kemur þar fram að slíkar undanþágur hafi einnig aukna óvissu og umsýslukostnað fyrir bæði íslensk fjármálafyrirtæki og FME. MP telur slíkar undanþáguheimildir til handa eftirlitsaðila óskilvirkar og skapa óvissuástand fyrir fjármálafyrirtæki, auk þess að leiða til ógagnsæis á markaði. Þá sé það sérstaklega íþyngjandi fyrir smærri fjármálafyrirtæki, sem eiga undir samkeppnislegt högg að sækja gagnvart hinum þremur markaðsráðandi bönkum, að sækja um undanþágur í gríð og erg frá eftirlitsaðilum. Eðlilegra væri að innleiða undanþágur beint í lög þar sem þær eiga við, þ.e. miða við stærðarmörk eða miða við kerfislegt mikilvægi.

Þær undanþágur sem VÍ vísar hér í eru m.a. ný 7. mgr. 17. gr. laganna (6. gr. frumvarpsins) um undanþágu frá því að vera með sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar og nýja 5. mgr. 78. gr. (29. gr. frumvarpsins) um undanþágu frá starfrækslu áhættunefndar eða frá einstökum þáttum í starfi hennar. Slíkar undanþáguheimildir fyrir finnast um sama efni á

Norðurlöndunum en eru þó misjafnlega útfærðar. Má hér t.d. vísa til ákvæðis 2-9b í norkum lögum um fjármálafyrirtæki (no. Lov om finansieringsvirksomhet og finansinstitusjoner (finansieringsvirksomhetsloven)) sem veitir norska fjármálaráðuneytinu heimild til að veita fjármálafyrirtækjum undanþágu frá starfsrækslu áhættunefndar samkvæmt sömu viðmiðum og vísað er til í frumvarpinu og byggja á CRD IV tilskipuninni. Ástæða þess að heimildin er veitt fjármálaráðuneytinu í Noregi skýrist af stofnanalegri stöðu norska fjármálaeftirlitsins. Hins vegar eru einnig dæmi um aðrar útfærslur og má vísa til 80. gr. b í dönskum lögum um fjármálafyrirtæki (d. Lov om finansiel virksomhed) en þar er beinlínis kveðið á um þau viðmið sem fjármálafyrirtæki geti horft til þannig að þau þurfi ekki að starfrækja áhættunefnd og er miðað við skráningu á markað eða að fyrirtæki hafi yfir að ráða ákveðnum starfsmannafjölda. Sömu viðmið eru notuð í dönskum lögum um skyldu til þess að starfrækja starfskjaranefnd sbr. 77. gr. c laganna. Vísað er í umfjöllun um athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins um undanþáguheimild fyrir því að fjármálafyrirtæki hafi sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar fyrir afstöðu ráðuneytisins til þess.

#### *Annað:*

Í umsögn Neytendasamtakanna er vikið að starfsemi svonefndra smálánafyrirtækja, starfsemi Framtíðarinnar sem býður upp á námslán og fyrirtækinu Netgíró. Öll umrædd félög veita lán til neytenda fyrir eigin reikning og starfa m.a. samkvæmt lögum nr. 33/2013, um neytendalán. Í lögnum er lánstarfsemi sett ýmsum takmörkunum og félög sem veita lán til neytenda fyrir eigin reikning sæta eftirliti Neytendastofu. Reynsla er að koma á umrædd lög og fyrir dómstólum er a.m.k. eitt mál sem reynir á túlkun ákvæða laganna hvað varðar árlega hlutfallstölu kostnaðar. Hvað varðar athugasemd Neytendasamtakanna um lög um vexti og verðtryggingu nr. 28/2001, má benda á að nú þegar liggur fyrir frumvarp sem bætir við ákvæðum við umrædd lög um eftirlit og sektir (sjá þskj. 1077 – 622. mál).

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna kemur fram að löggjöf á sviði fjármálastarfsemi sé flókin og mjög sérhæfð og með frumvarpinu sé síst verið að draga úr þessu flækjustigi heldur þvert á móti sé það aukið. Frumvarpið sé þannig ekki til þess fallið að stuðla að auknum skilningi almennings á regluverkinu. HH telja bryna nauðsyn standa til þess að stjórnvöld efli til muna miðlun upplýsinga og fræðslu til almennings um þau grundvallaratriði sem starfsemi fjármálafyrirtækja byggist á og þær reglur sem um hana gildi. Telja HH slíka uppfræðslu hafa leitt til ranghugmynda almennings um bankastarfsemi og peningamál.

Ráðuneytið bendir á að við undirbúning frumvarpsins og útfærslu á þeim ákvæðum sem frumvarpið inniheldur hefur ráðuneytið unnið með þá vísireglu að leiðarljósi að ákvæðin yrðu sem einföldust og hægt væri enda inniheldur frumvarpið mjög flóknar reglur m.a. um auknar eiginfjárvæðir á fjármálafyrirtæki. Ráðuneytið tekur einnig undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögninni að aukin fræðsla til almennings um fjármálastarfsemi er mikilvæg. Ráðuneytið birti m.a. skýrslu nú í haust (30. september 2014) á heimasíðu ráðuneytisins um umbætur á löggjöf á fjármálamarkaði. Innihélt skýrslan m.a. skýringar á ýmsum þáttum í löggjöfinni og fyrirhugaðri lagasetningu til kynningar. Fyrirhugað er að birta aðra slíka skýrslu á heimasíðu ráðuneytisins í haust.

Í umsögn MP banka (MP) kemur fram að bankinn telji að gera þurfi skýran greinarmun á kröfum sem gerðar eru til stærri og kerfislegra mikilvægra fjármálafyrirtækja annars vegar og hins vegar minni fjármálafyrirtækja sem ekki teljast kerfislega mikilvæg og sem nú þegar standa höllum fæti samkeppnislega gagnvart stóru bönkunum þremur. MP telur það draga úr samkeppni á markaði sem bitni á viðskiptavinum fjármálafyrirtækjanna að setja minni

fjármálafyrirtækin alfarið undir sama hatt og stóru bankana. Í umsögn Virðingar er að finna sambærileg sjónarmið. Ráðuneytið getur tekið undir þessi sjónarmið en að setja öll fjármálafyrirtæki undir sama hatt laga- og reglulega séð, burt séð frá eðli starfseminnar og stærðar fyrirtækisins, geti leitt til hlutfallslegri hærri kostnaðar fyrir minni aðila á markaði. Í CRD IV regluverkinu er að finna ákvæði sem framkvæmdarstjórn ESB hefur lagt til að gildi einungis um stærri fyrirtæki í aðildarríkjunum en umrædd ákvæði eru m.a. þau sem vísað er til í umfjöllun hér á ofan um undanþáguheimildir FME.

Í umsögn SFF kemur fram að óheppilegt sé að innleiða CRD IV í áföngum. Ráðuneytið bendir hins vegar á að á Norðurlöndunum var CRD IV/CRR innleitt í 3-4 áföngum í ríkjunum. Ráðuneytið (og FME) eru ekki sammála því að það sé íþyngjandi fyrir fjármálafyrirtæki að ný skilgreining á eigið fé fylgi ekki með í þessu frumvarpi heldur sé það þvert á móti ívilnandi enda sé ný skilgreining þrengri en skilgreining gildandi laga. Með því megi nota gerninga til þess að uppfylla Tier1 og Tier2 skyldur sem ekki verður heimilt eftir breytinguna. Upp geta þó komið jaðartilfelli en við mat á gæðum þess eiginfjár sem fjármálafyrirtækin munu nota til þess að uppfylla skyldur samkvæmt frumvarpinu mun FME horfa til þess að stefnt er að því að lagt verði fram frumvarp haustið 2015 þar sem ný skilgreining verður lögfest. Ráðuneytið og nefndin sem kom að smíði frumvarpsins hefur auk þess sérstaklega gætt að því að innbyrðis samhengi á milli CRD IV tilskipunarinnar og CRR reglugerðarinnar brenglist ekki við lagasetninguna. Þá mun reglugerð sem ráðherra mun setja á grundvelli 42. gr. frumvarpsins taka mið af því hvenær nákvæmlega frumvarp sem lagt verður fram á þinginu næsta haust og gildistaka reglugerðarinnar taka mið af því.

Í umsögn SFF kemur fram að víða sé að finna opnar heimildir til þess að setja stjórnvaldsfyrirmæli (án nánari tilvísunar til þeirra) sem efast má að standist skilyrði lögmætisreglunnar. Þá tekur SFF fram að stjórnvöldum sé víða falið að setja nánari reglur um atriði sem geta verið mjög íþyngjandi og varðað eignarrétt og atvinnufrelsi. Ráðuneytið hafnar þessu alfarið og bendir á að regluheimildir frumvarpsins séu í fullu samræmi við núgildandi regluheimildir laga um fjármálafyrirtæki og önnur lög á fjármálamarkaði. Þess var sérstaklega gætt við vinnslu frumvarpsins að íþyngjandi ákvæði kæmu fyrir í lögum sjálfum og að heimildir til þess að setja íþyngjandi reglur hefðu næga lagastoð enda er það reynsla eftirlitsaðila að fjármálafyrirtækin beri fyrir sig lögmætisregluna þegar reynir á það hvort að fjármálafyrirtæki hafi farið eftir reglum í starfsemi sinni. Hér má geta þess til samanburðar við ríki sem byggja á sömu lagahefð og Ísland að í Noregi og Svíþjóð eru eftirlitsstofnunum veittar miklar heimildir til reglusetningar og oft með opnum heimildum þ.m.t. til innleiðingar á Evrópureglum. Þetta er þó ekki vandamál í þessum ríkjum og reglunar eru virtar og eftir þeim farið.

Þá segir í umsögn SFF að undanþáguákvæði frumvarpsins og opnu heimildir til að setja stjórnvaldsfyrirmæli gætu leitt til þess að fjármálafyrirtæki neyðist til að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Ráðuneytið vísar í fyrri athugasemdir sínar og telur frumvarpið vel vandað. Ráðuneytið hefur fulla trú á því að frumvarpið standist allar þær kröfur sem stjórnarskrá gerir um heimildir til framsals reglusetningarvalds.

### **1. gr. frumvarpsins (breytingar á 1. gr. a laganna – orðskýringar).**

Gerðar eru athugasemdir við orðskýringu á „yfirstjórn“ í umsögn MP, Fjármálaeftirlitsins (FME) og SFF. Ráðuneytið leggur til að orðskýringin verði felld út. Þá bendir ráðuneytið á að breyting er lögð til á orðalagi 1. mgr. b-lið 26. gr. frumvarpsins.

FME gerir athugasemd við breytingu á orðskýringu á „virkum eignarhlut“ í a-lið 1. gr. frumvarpsins. Leggur FME til að orðin „önnur hlutdeild“ falli út í stað „eða önnur hlutdeild“ en ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt mun skilgrening á hugtakinu „virkum eignarhlut“ þrengjast og það sé ekki í samræmi við CRD IV eða CRR. Ráðuneytið fellst á tillögu FME og leggur til að orðin „önnur hlutdeild“ falli út úr núgildandi ákvæði.

SFF gerir athugasemd við orðskýringu á „móðurfélagi“ sem gert er ráð fyrir að verði að 15. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna. Orðskýringin er ekki ný og er nú þegar í lögnum þ.e. í 97. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að orðskýringin verði endurskoðuð í haust með hliðsjón af innleiðingu CRR reglugerðarinnar. Ráðuneytið telur ekki þörf á breytingu.

SFF leggur til í umsögn sinni að orðið „áhættuvilji“ sé sérstaklega skilgreint í lögnum. Ráðuneytið fellst á það. Ráðuneytið er að vinna í breytingu sem verður sand nefndinni eins fljótt og auðið er en hún mun þó ekki berast fyrir en á mánudaginn (27. apríl 2015).

#### **Breytingar:**

Í stað orðanna „eða önnur hlutdeild“ í a-lið 1. gr. frumvarpsins komi „önnur hlutdeild“.

#### **4. gr. frumvarpsins (breyting á 7. gr. laganna – Synjun starfsleyfis).**

Breytingin er til komin vegna innleiðingar á 11. gr. CRD IV tilskipunarinnar. Seðlabanki Íslands (SÍ) telur að breytingin í 4. gr. frumvarpsins ætti betur heima undir 2. gr. laganna þar sem 7. gr. laganna fjallar um synjun starfsleyfis en texti tilskipunarinnar tekur allt eins til þess að varða samþykki umsóknar. Þá leggur SÍ til nýtt orðalag í umsögninni. Ráðuneytið leggur til að horfið verði frá breytingu á 7. gr. laganna og leggur til að nýr 2. másl. bætist við 1. mgr. 2. gr. laganna sem orðaður verður í samræmi við tillögu SÍ.

#### **Breyting:**

Horfið verði frá breytingu á 7. gr. laganna og nýr 2. másl. 1. mgr. 2. gr. laganna hljóði svo: Við mat á umsókn um veitingu starfsleyfis er Fjármálaeftirlitinu óheimilt að leggja til grundvallar sjónarmið um þarfir á fjármáلامarkaði hér á landi.

#### **5. gr. frumvarpsins (breytingar á 9.gr. laganna – Ástæður afturköllunar).**

SÍ vekur athygli á því að m.a. ástæðna sem leitt geta til afturköllunar starfsleyfis fjármálafyrirtækis geti verið þær að fjármálafyrirtæki uppfylli ekki kröfur um laust fé. Í umsögninni kemur fram að SÍ setji reglur um laust fé og stöðuga fjármögnun lánastofnana og hefur eftirlit með þeim á þessum grundvelli sbr. k-lið 29. gr. frumvarpsins og því sé ljóst að FME þurfi að hafa náð samstarf við SÍ ef til afturköllunar kemur á þessum grundvelli.

SFF gerir athugasemd við það að brot gegn 52. gr. a laganna (ef 19. gr. frumvarpsins verður að lögum) geti leitt til starfsleyfissviptingar. Ráðuneytið fellst á sjónarmið SFF og leggur til að tilvísun til 52. gr. a verði felld út. Eins og fram kemur í umsögn SFF eru fyrir hendi aðrar heimildir til að beita í þeim tilvikum þegar ákvæðið er brotið.

Einnig gerir SFF athugasemd við orðalag að tillögu nýs 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna í c-lið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Telur SFF orðalagið „verulegur vafi“ of matskennt og stingur upp á nýju orðalagi sem SFF telur ná betur íslenskri lagahefð. Ráðuneytið fellst á tillögu SFF að nýju orðalagi. Ákvæðið orðist því svo: fjármálafyrirtæki geti ekki sýnt fram á að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánadrottnum og/eða innlánseigendum.

## **Breytingar:**

b-liður 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins falli brott.

Nýr 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo: fjármálafyrirtæki geti ekki sýnt fram á að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánadrottnum og/eða innlánseigendum,

### **6. gr. frumvarpsins (Breytingar á 17. gr. laganna – Eftirlitskefi með áhættu).**

SFF gerir athugasemd við 4. mgr. um að tilkynna skuli FME um það ef yfirmaður áhættustýringar lætur af störfum en slík krafa sé ekki gerð í CRD IV tilskipuninni og leggur FME til að ákvæðið verði fellt brott. Ráðuneytið telur góð og gild sjónarmið hvíla að baki þessari reglu. Yfirmaður áhættustýringar sinnir einhverjum mikilvægustu störfum innan fjármálafyrirtækja og á honum hvíla miklar skyldur. Eðlilegt er að eftirlitsaðili sé meðvitaður um það ef hann hættir störfum fyrir fyrirtækið. Þá má einnig benda á að Svíar hafa innleitt sambærilegt ákvæði í sænskan rétt við innleiðingu CRD IV regluverksins. Sjá 6. gr. 7. kafla sænskra reglna um áhættustýringu fjármálafyrirtækja o.fl. (s. Finansinspektionens föreskrifter och allmänna råd om styrning, riskhantering och kontroll i kreditinstitut (FFFS 2014:1)). Sænsku reglurnar fylgja með sem fylgiskjal við minnisblað þetta.

SFF gerir athugasemd við undanþáguheimild 6. mgr. greinarinnar. Nánar tiltekið telur SFF að það ætti að vera á ábyrgð stjórnar að meta það hvenær þörf er á sérstöku stöðugildi yfirmanns áhættustýringar m.t.t. eðlis, umfangs og margbreytleika starfseminnar. Að öðrum kosti ætti FME að setja viðmið um þessi atriði (eins og gert er ráð fyrir að gert verði skv. ákvæðinu) en að ekki þurfi að sækja um sérstaka undanþáguheimild til FME. Ráðuneytið er ekki sammála því að það ætti að vera í höndum stjórnar að meta hvenær fjármálafyrirtækið þurfi sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar. Mikilvægt er að fjármálafyrirtæki hafi eftirlit með áhættu í starfseminni sinni, eitt hlutverk yfirmanns áhættustýringar er að veita stjórn yfirlit og ráðgjöf um áhættu í starfsemi fyrirtækisins og meta áhættu í ákvarðanatöku innan fyrirtækisins. Hér má færa fyrir því rök að beint samspil sé á milli hæfis og þekkingar stjórnarmanna á rekstri fjármálafyrirtækja og áhættu í starfsemi þeirra og hæfi yfirmanns áhættustýringar og setur ráðuneytið því spurningamerki við kröfur haghafa um að slá af kröfum um bæði hæfi stjórnarmanna og á sama tíma um yfirmann áhættustýringar. Í kjölfar fjármálahrunsins voru reglur um áhættustýringu fjármálafyrirtækja einn aðalþátturinn í starfsemi fjármálafyrirtækja sem horft var á m.t.t. endurbóta á fjármáلامarkaði. Þetta endurspeglar á mörgum stöðum í nýju CRD IV regluverkinu og Basel III staðlinum. Í sænskum reglum um áhættustýringu sem vísað var til að ofan virðist ekki vera að finna neina undanþágu frá því að fjármálafyrirtæki hafi sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar þar í landi. Ráðuneytið leggur til að ákvæðið haldist óbreytt en með því gefst minni fjármálafyrirtækjum kostur á að sækja um slíka undanþágu. Gert er ráð fyrir því að FME setji viðmiðunarreglur og með því er komið til móts við sjónarmið SFF.

### **7. gr. frumvarpsins (breytingar á 19. gr. laganna – Góðir viðskiptahættir og venjur).**

Hagsmunasamtök heimilanna og Neytendastofa fagna breytingunni í umsögn sinni. Í umsögn SFF kemur m.a. fram að reglan eigi sér ekki fyrirmynd í CRD IV. Ráðuneytið tekur fram að breytingin byggir ekki á CRD IV en eigi sér rætur að rekja til þeirrar þróunar sem hefur orðið á fjármáلامarkaði í Evrópu seinustu ár. Vísað er í athugasemd við ákvæðið í frumvarpi til frekari skýringar.

### **10. gr. frumvarpsins (breyting á 29. gr. a laganna – lánveitingar).**

MP telur regluna gríðarlega takmarkandi fyrir rekstur fjármálafyrirtækja og sérstaklega þau



smærri og einnig auki reglan hættuna á að fjármálafyrirtæki missi yfirsýn yfir fjárhagstöðu lykilstarfsmanna sinna. MP leggur því til að þrjú fyrstu málsliðir reglunnar verði felldir út eða í það minnsta dregið úr takmörkunum samkvæmt reglunni. Til þess að ná þeim tilgangi sem ákvæðinu er væntanlega ætlað að ná til væri þess í stað mögulegt að skylda fjármálafyrirtæki til að setja sér reglur varðandi umræddar lánveitingar og kveða á um aukin skýrsluskil fjármálafyrirtækjanna til eftirlitsaðila þar að lútandi.

SFF vísar til þess í umsögn sinni að 29. gr. a laganna sé séríslensk regla sem hafi komið inn í lög um fjármálafyrirtæki í kjölfar bankahrunsins. SFF vísar í almennar athugasemdir sínar um séríslensk lagaákvæði og leggur til að greinin verði felld á brott úr lögnum. SFF telur ekki þörf á þessari reglu og auk þess geti hún leitt til þess að starfsmenn fjármálafyrirtækja beini viðskiptum sínum til annarra fjármálafyrirtækja sem valdi því að áhættustýring og regluverður missi mikilvæga yfirsýn yfir fjárhagsstöðu lykilstarfsmanna og annarra starfsmanna. SFF leggur því til að fyrstu þrjú málsliðir 10. gr. frumvarpsins falli á brott þ.e. þrjú fyrstu málsliðir sem breyta 2. mgr. 29. gr. a laganna með 10. gr. frumvarpsins (þ.e. 2. mgr. núgildandi laga og breyting með 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins). Ráðuneytið er sammála SFF með það að reglan sem kom inn sem 29. gr. a laganna með lögum nr. 75/2010 sé takmarkandi fyrir starfsemi fjármálafyrirtækjanna og sérstaklega þau minni (Sparisjóðinna). Ástæða þess að lagst var í breytingu á 2. mgr. 29. gr. a laganna með frumvarpi þessu var að rýmka ákvæðið þannig að það yrði ekki eins íþyngjandi og samkvæmt gildandi lögum. Ef það er áhugi fyrir því efnahags- og viðskiptanefnd að fella fyrstu 3. málsliði 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins á brott leggst ráðuneytið ekki gegn því. Hins vegar skal bent á að þá þurfi einnig að fella út 6., 7. og 8. málsliði 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins enda tengjast þær breytingar breytingum í 1. – 3. másl. 1. mgr. 10. gr. Ef nefndin fellst á sjónarmið SFF og breytingatillögu þeirra myndi 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins orðast þannig eftir breytinguna: Viðskipti fjármálafyrirtækis við eigendur virkra eignarhluta og stjórnarmanna, eða aðila í nánnum tengslum við þá, skulu, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum. Um viðskipti framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna við fjármálafyrirtækið fer skv. 2. mgr. 57. gr.

FME leggur til að orðin „framangreinda aðila“ komi í stað orðsins „hann“ í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Telur FME að ef haldið er við orðalagið eins og það kemur fram í frumvarpinu megi túlka ákvæðið þrengra en tilgangur þess sé. Ráðuneytið felst á þessa breytingu og leggur til að orðin „framangreinda aðila“ komi í stað orðsins „hann“ í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Í umsögn FME er einnig gerð athugasemd við orðalag 3. másl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins og lögð til breyting. Ráðuneytið leggur til að orðalagi 3. másl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins verði breytt í samræmi við tillögu FME með einni breytingu þ.e. að í stað orðanna „hann skv.“ falli út og í stað þess komi „þá sem tilgreindir eru í“ en sú breyting er í samræmi við breytingu sem lögð er til á 1. másl. hér að ofan. Nýtt orðalag gerir regluna skýrari og er í samræmi við þann tilgang frumvarpsins að víkka út ákvæðið frá því sem nú gildir. Enda er núgildandi 29. gr. a laganna verulega íþyngjandi fyrir fjármálafyrirtækin og sérstaklega þau minni.

FME leggur einnig til í umsögn sinni að orðin „eftir því sem kostur er“ falli brott úr 4. másl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Telur FME orðalagið til þess fallið að skapa óvissu fyrir eftirlitsaðila um það hvort innri reglur fjármálafyrirtækis eigi að gilda þegar um er að ræða viðskipti eigenda virkra eignarhluta og stjórnarmanna, eða aðila í tengslum við þá. FME telur

einnig að óvissa við framkvæmd eftirlits með ákvæðinu yrði vandkvæðum bundið að leggja á það huglægt mat hvort fjármálafyrirtæki hafi átt þess kost að framfylgja sínum eigin reglum um við skipti við framangreinda aðila þegar því yrði borið við. Ráðuneytið fellst á þessi rök og leggur til að orðalagið „eftir því sem kostur er“ falli brott úr ákvæðinu.

Í umsögn FME er lagt til að 8. málsl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins sem fjallar um undanþágu frá fjárhæðarmörkum 3. málsl. 1. mgr. sama ákvæðis verði tengd reglum skv. 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið leggur til að 8. málsl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins verði felldur brott og nýr lokamálsliður bætist við 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Með því að kveða á um slík tilvik í reglum FME er kostur á því að fækka undanþágubeiðnum til FME. Nýr lokamálsliður 2. mgr. 10. gr. orðast svo: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu fyrir því að fara yfir fjárhæð skv. 3. málsl. 2. mgr. í sérstökum tilvikum og er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kveða á um slík tilvik í reglum sem það setur samkvæmt 1. málsl.

### **Breytingar:**

Orðin „framangreinda aðila“ komi í stað orðsins „hann“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

3. málsl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins orðast þannig: Samtala láns og annarrar fyrirgreiðslu sem heimilt er að veita hverjum og einum aðila og aðila í nánnum tengslum við þá sem tilgreindir eru í 1. málsl. má hæst vera 200 millj. kr. að teknu tilliti til takmarkana skv. 30. gr.

Orðin „eftir því sem kostur er“ falli brott úr 4. málsl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

8. málsl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins fellur brott.

Nýr málsliður bætist við 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins sem orðast svo: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu fyrir því að fara yfir fjárhæð skv. 3. málsl. 2. mgr. í sérstökum tilvikum og er heimilt að kveða á um slík tilvik í reglum sem það setur samkvæmt 1. málsl.

### **11. gr. frumvarpsins (breyting á 30. gr. laganna – Stórar áhættuskuldbindingar).**

Í umsögn sinni leggur SÍ til að skýrar verði kveðið á um að ákvæði 2. og 3. mgr. eigi við um lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja og leggur því til að orðalagsbreyting verði gerð á 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins þannig að orðin „og þurfa að tengjast lausafjárstýringu fjármálafyrirtækis.“ bætist við í lok ákvæðins. Ráðuneytið er ekki sammála þessu en með orðalaginu „og þurfa að tengjast“ myndi inntak ákvæðisins þrengjast meira en Evrópureglur heimila. Á vettvangi ESB er verið að vinna í afleiddum reglum á reglum um stórar áhættuskuldbindingar sem m.a. tengjast þessum undantekningum og því ekki ráðlagt að þrengja ákvæðið. Einnig má benda á að nýr Basel staðall um stórar áhættuskuldbindingar kom út í fyrra og er m.a. horft til hans við smíði nýrra Evrópureglna um stórar áhættuskuldbindingar. SFF leggur til að heimild FME til þess að setja reglur um samtölur stórra áhættuskuldbindinga í 7. mgr. verði felld niður þar sem 400% samtalan sé felld út úr lögum með frumvarpinu. Ráðuneytið er ekki sammála þessu m.a. með sömu sjónarmiðum og koma fram um athugasemd SÍ.

### **14. gr. frumvarpsins (breyting á 42. gr. laganna – mat á hæfi umsækjanda).**

FME leggur til að orðið „starfsdagar“ komi í stað „virkir dagar“ í 2. og 5. málsl. 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Það sé til samræmis við núgildandi orðanotkun og þýðing á ensku orðunum

„working days“ samkvæmt CRD IV tilskipuninni. Ráðuneytið fellst á þessa breytingu.

**Breyting:**

Í stað orðsins „starfsdagar“ í 2. og 5. málsl. 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins komi „virkir dagar“.

**15. gr. frumvarpsins (Breyting á 43. gr. laganna – Tilkynning til aðila sem telst ekki hæfur).**

SÍ telur að skerpa skuli á orðalagi breytingarinnar þannig að heimild FME samkvæmt ákvæðinu hafi skýrari lagastöð. Ráðuneytið fellst á þetta og leggur til að orðin „eða þær eru ófullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins“ bætist á eftir orðunum „eru í ákvæðinu“.

**Breyting:**

Breyting 15. gr. frumvarpsins orðist svo: Á eftir 1. másl. 1. mgr. 43. gr. laganna kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Hafi Fjármálaeftirlitið óskað eftir upplýsingum skv. 42. gr. og þær ekki borist innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í ákvæðinu, eða þær eru ófullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins, getur Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

**19. og 20. gr. frumvarpsins (breytingar á 52. gr. laganna – Hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra og ný 52. gr. a – um önnur störf stjórnarmanna).**

MP tekur undir athugasemdir SFF við hæfisskilyrði í 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins varðandi háskólapróf sem nýtist í starfi. MP færir fram þau rök að erfitt getur verið fyrir smærri fjármálafyrirtæki að uppfylla þessi skilyrði þar sem hæft fólk er oft frátekið í öðrum stjórnarstörfum og staðbundin þekking oft nauðsynleg, t.d. á landsbyggðinni. Telur MP að betra væri að byggja á því skilyrði sem kemur fram í 4. mgr. ákvæðisins um samsetningu stjórnar. Þá telur MP ekki eðlilegt að FME hafi undanþáguheimild til þess að horfa fram hjá háskólaprófinu heldur eigi slíkt að vera í höndum hluthafafundar.

Ráðuneytið getur ekki tekið undir með röksemdum um mikilvægi staðbundinnar þekkingar stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum á einstaka landssvæðum. Störf stjórnarmanna felast fyrst og fremst í eftirliti með starfsemi fjármálafyrirtækisins og það er í höndum starfsmanna fyrirtækisins sem búa á sama svæði að veita þjónustu til íbúa svæðisins en ekki stjórnarmanna. Að mati ráðuneytisins skipta ríkar hæfiskröfur til stjórnarmanna miklu fyrir tiltrú fjármálakerfisins. Krafan um háskólapróf er að ryðja sér til rúms í öðrum ríkjum og ekki ætti að slá af slíkum kröfum nú hér á landi.

Í umsögn SFF er vísað í umsögn sem samtökin sendu nefndinni árið 2010 vegna frumvarps til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki sem varð að lögum nr. 75/2010 og ítrekar SFF sjónarmið sín sem komu fram í þeirri umsögn um að varhugavert geti verið að gera háskólamenntun sem hæfisskilyrði fyrir stjórnarsetu auk þess um að slík menntun „nýtist í starfi“ uppfyllir ekki eðlileg skilyrði um fyrirsjáanleika sem er nauðsynlegur þegar um svo mikilvæga hagsmuni er að tefla. SFF tekur fram að mikilvægt sé að hluti stjórnar hafi sérþekkingu sem byggir á háskólamenntun en óheppilegt er að lög komi í veg fyrir að ærlegt og traust fólk með gott gildismat og reynslu sem nýtist við stjórnarstörf setjist í stjórn fjármálafyrirtækja, óháð menntun. SFF tekur svo fram að ekki eigi þannig að útiloka að samsetning stjórnar fjármálafyrirtækis geti endurspeglad samfélagsgildin í heild, ekki ólíkt því sem á við um þjóðkjörna fulltrúa landsins og kjörgengi þeirra. Ráðuneytið tekur ekki undir þessa röksemdarfærslu SFF. Hér skal strax vísað til þess að í ákvæðinu er að finna undantekningarreglu frá hæfisskilyrði um háskólapróf sem á að ná til þeirra aðila sem SFF

leggur til grundvallar að þurfi einnig að eiga kost á að setjast í stjórnir fjármálafyrirtækja. Hvað varðar fyrirsjáanleika og gagnsæi þá hafa yfir 200 stjórnarmenn (sbr. nýtt veftímarit FME – *Fjármál, 1. tölubl. 4. árg., Apríl 2015*) farið í hæfnispróf hjá Fjármálaeftirlitinu frá því að reglan var sett og því ætti að vera komin nokkur reynsla á framkvæmd reglunnar. SFF vísar ekki í nein dæmi í umsögninni um það hverskonar fólk það er sem ekki næst inn í stjórnir fjármálafyrirtækja samkvæmt núgildandi reglum heldur vísar í “...ærlægt og traust fólk með gott gildismat...” og svo “...reynslu sem nýtist við stjórnarstörf...” . Ráðuneytið bendir á að undantekningarreglan frá hæfissilyrði um háskólapróf (sem finna má í núgildandi lögum) var sett til þess að útiloka ekki fólk sem hefur þekkingu og reynslu af starfsemi fjármálafyrirtækja en er ekki háskólamenntað. Núgildandi lög ná því yfir þessi dæmi sem SFF vísar til nú þegar. Að lokum segir um þetta í umsögn SFF “...að ekki eigi þannig að útiloka að samsetning stjórnar fjármálafyrirtækis geti endurspeglad samfélagsgildin í heild, ekki ólíkt því sem á við um þjóðkjörna fulltrúa landsins og kjörgengi þeirra .” Ráðuneytið getur ekki tekið undir þessa röksemdarfærslu SFF og skal hér ítrekað að rekstur og starfsemi fjármálafyrirtækis og eftirlitshlutverk stjórnar þess er á engan hátt sambærilegt við hlutverk Alþingis. Vísast í það sem áður segir um umsögn MP um sömu reglu. Ráðuneytið áréttar afstöðu sína til þess að ef dregið verður úr reglum um hæfisskilyrði geti það dregið úr tiltrú á fjármálakerfið nú þegar síst skyldi.

Lögmannafélag Íslands (Lögmannafélagið) gerir eina athugasemd í umsögn sinni og snýr hún að 20. gr. frumvarpsins. Í umsögn sinni rekur Lögmannafélagið breytingar sem gerðar hafa verið á 52. gr. laganna seinustu ár en með breytingum árið 2011 og 2013 (lög nr. 119/2011 og 47/2013) var takmörkun á öðrum störfum sem lögmennt geta sinnt fyrir fjármálafyrirtæki víkkuð út eftir takmarkanir sem gerðar voru árið 2010 (lög nr. 75/2010). Vísar Lögmannafélagið til þess í umsögn sinni að athugasemdir sem gerðar voru í umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps sem varð að lögum nr. 47/2013 eigi enn við. Hér skal áréttað að Lögmannafélagið skilaði inn tveimur umsögnum um frumvarp sem varð að lögum nr. 47/2013, þ.e. einni undir merkjum Lögmannafélagsins og annari í nafni laganeftirlits Lögmannafélagsins.

Í umsögn Lögmannafélagsins við frumvarp sem nú er til meðferðar er ekki sérstaklega vikið að því hvað það er nákvæmlega í eldri umsögnum sem Lögmannafélagið vill nú koma á framfæri. Við meðferð frumvarpsins (sem varð að lögum nr. 47/2013) var komið til móts við sjónarmið Lögmannafélagsins og breytingar gerðar á ákvæðinu við meðferð frumvarpsins á Alþingi. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið óskaði eftir í vetur hafa engar kvartanir borist frá lögmonnum vegna ákvæðisins eftir að því var breytt árið 2013.

Í umsögn SFF er að finna sérstaka umfjöllun um 6. mgr. greinarinnar sem fjallar um þá skyldu fjármálafyrirtækis að verja fullnægjandi fjármunum og mannafla til þess að kynna starfsemi fjármálafyrirtækisins fyrir stjórnarmanni og tryggja að hann hljóti viðeigandi þjálfun til stjórnarsetunnar. Gerir SFF athugasemdir við notkun orðanna „fullnægjandi“ og „tryggja“ í ákvæðinu. Ákvæði 9. mgr. 91. gr. CRD IV tilskipunarinnar hljóðar þannig á ensku „Institutions shall devote adequate human and financial resources to the induction and training of members of the management body”. Ráðuneytið er sammála því að orðið „fullnægjandi“ getur verið matskennt en ákvæði tilskipunarinnar inniheldur enska orðið “adequate” og inntak þess orðs í íslensku máli er „eitthvað sem dugir til“, „er nægjanlegt“ eða „fullnægjandi“. Hér er spurning hvort að orðið „ásættanlegt“ gæti komið í stað orðsins „fullnægjandi“. Ef gerð er breyting á ákvæðinu þá leggur ráðuneytið til að orðið „ásættanlegt“ eða *ásættanlegum* “ verði notað í stað fullnægjandi. Ráðuneytið leggst gegn því að fella brott

orðið „tryggja“ en skylda sem lögð er á fjármálafyrirtækin er skilyrðislaus, enda segir í enskri útgáfu tilskipunarinnar „Institutions shall devote...“. Reglan er ítrekun á því hversu mikla ábyrgð stjórnarmenn bera á starfsemi þess fjármálafyrirtækis sem þeir gegna stjórnunarstöðu fyrir. Reglur refsiréttar, hlutafélagaréttar, samningaréttar og skaðabótaréttar innihalda reglur um persónulega ábyrgð þeirra sem fara út fyrir starfssvið sitt eða umboð.

FME gerir athugasemd við breytingu sem gerð er með 19. gr. frumvarpsins, nánar tiltekið að hæfisskilyrði þess efnis að stjórnarmaður „megi ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfi þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstra eða að þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið“ sé fellt brott úr lögnum.

FME vísar til þess að í athugasemdum með frumvarpinu komi fram að það huglæga mat sem fram kemur í nágildandi 4. másl. 3. mgr. 52. gr. laganna falli undir skilyrðið um óflekkað mannorð í 2. mgr. 52. gr. laganna. Fjármálaeftirlitið er ósammála og vísar til umsögn FME til nánari skýringa á því. Fjármálaeftirlitið leggur til að haldið sé í nágildandi orðalag 4. másl. 3. mgr. 52. gr. laganna sem myndi verða nýr lokamálsliður 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins (nýr lokamálsliður 3. mgr. 52. gr. laganna verði frumvarpið samþykkt þannig).

Nágildandi 4. másl. 3. mgr. 52. gr. laganna kom nokkurn veginn inn í lög um fjármálafyrirtæki með frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki sem lagt var fram á Alþingi á 128. löggjafarþingi og samþykkt var sem ný heildarlög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Ákvæðið var upphaflega 2. másl. 2. mgr. 52. gr. laganna og orðaðist þannig: Þeir (þ.e. stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri) mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.

Í athugasemd um greinina í frumvarpinu sagði að „í 2. mgr. væri að finna matskennda hæfisreglu sem er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/12/EB.“ Í athugasemd sagði einnig um ákvæðið: „Hins vegar má ekki vera um það að ræða að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafi með fyrri hegðun sinni rúið sig trausti til að takast á hendur stjórn fjármálafyrirtækis. Er hér um að ræða hliðstætt skilyrði og fram kemur í nágildandi 2. mgr. 38. gr. laga nr. 113/1996 varðandi starfsferil og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1996. Skilyrði þetta er óháð ákvæðum 1. mgr., og getur því t.d. refsiverður verknauður aðila haft áhrif á mat á hæfi hans skv. 2. mgr., enda þótt brotið hafi ekki lotið að atvinnurekstri eða lengra en fimm ár sé liðið frá því dómur gekk. Enn fremur getur fyrri þrotameðferð haft áhrif á mat á hæfi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra þótt lengri tími hafi liðið frá skiptameðferð en greinir í 1. mgr. Fyrri brot á lögum um starfsemi á fjármálamarkaði hefur sérstaka þýðingu við matið, auk þess sem fyrri afskipti Fjármálaeftirlitsins eða mat þess á fyrri störfum viðkomandi hefur þýðingu við mat á hæfi. Fleiri ástæður geta komið til skoðunar. Mat Fjármálaeftirlitsins verður eðli máls samkvæmt að vera rökstutt með hliðsjón af hagsmunum fyrirtækisins og þar með viðskiptamanns.“

Breyting var gerð á ákvæðinu með lögum nr. 75/2010, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, og með breytingunni var orðalag ákvæðisins fært í það horf sem það er í dag. Ákvæðið hljóðar þannig: Þeir (þ.e. stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri) mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið. Engin skýring er að finna á breyttu orðalagi í athugasemdum frumvarpsins.

Við skoðun á 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/12/EB (eldri bankatilskipunar ESB) kemur í ljós að með ákvæðinu er verið að reyna að ná inntaki þess mats sem hvílir að baki enska orðunum „sufficiently good repute“ og því huglæga mati sem sú regla er talin innihalda í Evrópurétti. Skilyrði um „good repute“ stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja er nú að finna í 1. mgr. 91. gr. CRD IV tilskipunarinnar. Við mat á því hvort að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafi gott orðspor/orðstír skal eftirlitsaðili horfa til fjölda matskenndra atriða skv. reglum Evrópuréttar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um mat á hæfi stjórnarmanna o.fl. (e. Guidelines for assessing the suitability of members of the management body and key function holders) sem fylgja sem viðhengi við þetta minnisblað til nánari skýringar á þessum atriðum (sjá bls. 15 – 17 í viðmiðunarreglunum). Samkvæmt viðmiðunarreglunum eru þau dæmi sem FME kveður á um í umsögn sinni aðeins brot af þeim huglægu og hlutlægu atriðum sem eftirlitsaðili á að hafa heimild til þess að meta í þessum tilvikum. Samkvæmt þessu verður ekki að finna heimild í gildandi lögum sem heimilar FME þetta mat ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt, því eins og fram kemur í umsögn FME verður að telja að hugtakið „óflekkad mannorð“ sem líka er innleiðing á enska hugtakinu „good repute“ í íslenskan rétt nái ekki skýrt yfir þau tilvik sem reglur Evrópuréttar áskilja að eftirlitsaðilar hafi yfir að ráða við mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Ráðuneytið leggur því til að sú breyting verði gerð að í stað orðanna „óflekkad mannorð“ í 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins komi „góðan orðstír“ eða „gott orðspor“ og þau dæmi sem FME kveður á um í lok blaðsíðu 3 og byrjun blaðsíðu 4 í umsögn sinni verði tekin sem dæmi um þau atriði sem FME hefur heimild til þess að horfa til þegar mat á hæfi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra fer fram. Skilyrðið um „góðan orðstír“ eða „gott orðspor“ mun einnig ná yfir þau tilvik sem skilyrðið „óflekkad mannorð“ er ætlað að ná yfir í gildandi rétti.

FME gerir einnig athugasemd við 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins sem kveður á um undanþágu frá því að stjórnarmenn í fjármálafyrirtæki geti setið í stjórn annars eftirlitsskylds aðila. Leggur FME til að undanþágan nái einnig til setu stjórnarmanns í stjórn aðila í nánnum tengslum við eftirlitsskyldum aðila og verði því í samræmi við bannreglu 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið felst á þessa breytingu og leggur til að á eftir orðinu „fjármálasamsteypu“ í 2. mgr. komi orðin „eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda aðila“.

Í seinni umsögn MP banka er að finna breytingartillögur á 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins sem kveður á um þá kröfu að stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar skulu hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Jafnframt er lagt til að undanþáguheimild frá menntunarkröfunni sé felld brott. Ráðuneytið ítrekar að það er alfarið á móti þessari breytingu og telur að þessi breyting gæti haft skadleg áhrif á fjármálamarkað. Miklar eftirlitsskyldur hafa verið lagðar á stjórnarmenn og miklar kröfur um að þeir skilji eðli starfsemi fjármálfyrirtækja.

### **Breytingar:**

Í stað orðanna „óflekkad mannorð“ í 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins komi „góðan orðstír“. ásamt þessu leggur ráðuneytið til að þau dæmi sem kveðið er á um í lok blaðsíðu 3 og byrjun blaðsíðu 4 í umsögn FME verði í nefndaráliti tekin sem dæmi um þau atriði sem FME hefur heimild til þess að horfa til þegar mat á hæfi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra fer fram.

Á eftir orðinu „fjármálasamsteypu“ í 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins komi orðin „eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda aðila“.

**21. gr. frumvarpsins (Breyting á 54. gr. laganna – Framkvæmd starfa stjórnar, ábyrgð hennar og verkaskipting stjórnar og framkvæmdastjóra).**

Enska hugtakið „prudent“ hefur verið þýtt á íslensku með íslensku orðunum „varfærin“, „varúðar“, „gætin“, „skynsamur“, „forsjáll“, „hygginn“, „gætin“, „hagsýnn“ eða „ráðdeildarsamur“. Huglægt mar á því að vera „skynsamur“ er ansi opið. Inntak 88. gr. CRD IV tilskipunarinnar er það að stjórn skuli m.a. fara gætilega í ákvörðunartöku sinni (vera gagnrýnin og meta afleiðingar ákvörðunarinnar) og auðvitað að taka skynsamgar ákvarðanir. Að mati ráðuneytisins nær íslenska orðið „varfærin“ betur yfir inntakið en íslenska orðið „skynsamur“.

**22. gr. frumvarpsins (Ný 54. gr. a laganna – Hlutverk stjórnar vegna áhættustýringar).**

SÍ gerir athugasemd við 1. másl. 1. mgr. greinarinnar og leggur til nýtt orðalag í 1. másl. 1. mgr. greinarinnar. Telur SÍ að eðlilegt sé að stjórn fjalli a.m.k. árlega um þá vinnu sem fram hefur farið við að yfirfara og endurnýja ferla vegna áhættustýringar. Ákvæðið byggir á 1. mgr. 76. gr. CRD IV tilskipunarinnar og eru íslensku orðin „reglubundnum hætti“ notuð um esku orðin „periodically reviews“ í enskri útgáfu tilskipunarinnar. Ráðuneytið leggst ekki gegn því að breyting verði gerð í samræmi við umsögn SÍ um ákvæðið.

**24. gr. frumvarpsins (breyting á 57. gr. laganna – viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki).**

Í tillögu að breytingu á 1. másl. 2. mgr. 57. gr. laganna með b-lið 24. gr. frumvarpsins hefur skilyrði um birtingu reglna um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtækið óvart ekki skilað sér í frumvarpið. Það var ekki tilgangurinn með breytingunni. Lagt er til að orðin „og birtar skulu opinberlega“ bætist í lok 1. másl. 2. mgr. greinarinnar.

**Breyting:**

b-liður 24. gr. frumvarpsins orðast þannig: 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess, eða aðila í nánnum tengslum við þá, fer samkvæmt reglum sem stjórn fjármálafyrirtækis setur og birtar skulu opinberlega.

**Almennt um 25. og 26. gr. frumvarpsins (Starfskjarastefna og breytileg starfskjör).**

Í umsögn SFF gera samtökin athugasemd við að innleiðing á reglum um kaupaukakerfi hafi verið fyrir utan þeirrar nefndar sem vann að samningu frumvarpsins og án samráðs við fulltrúa SFF. Þessu hafnar ráðuneytið. Drög að ákvæðum sem finna má í 25. og 26. gr. frumvarpsins komu a.m.k. fjórum sinnum til umræðu í nefndinni og gafst fulltrúum SFF kostur á að tjá skoðanir sínar og koma með tillögur um breytingar sem þeir gerðu. Voru frumvarpsdrögin m.a. send aðildarfélögum SFF áður en frumvarpið var lagt fram á þinginu. Voru gerðar margar breytingar á efni ákvæðanna vegna ábendinga frá SFF. Hins vegar tekur ráðuneytið fram að hlutfall breytilegra starfskjara sem finna má í b-lið 26. gr. frumvarpsins var ákveðið að ráðuneytinu en ekki nefndinni.

Í umsögn SFF kemur einnig fram að innleiðing ákvæða í 25. og 26. gr. frumvarpsins er ekki í samræmi við ramma CRD IV en aðrar Norðurlandþjóðir hafi nýtt sér þennan ramma. Sé miðað við það hjá öðrum Norðurlöndum að hámarks hlutfall breytilegra starfskjara geti verið 100% og heimild til þess að hækka hlutfallið í 200% en frumvarpið geri ekki ráð fyrir þessum reglum. SFF leggja mikla áherslu á að innleiðing reglnanna sé í samræmi við tilskipunina og um leið í samræmi við aðrar Norðurlandþjóðir sem Ísland ber sig að jafnaði saman við í lagasetningu. SFF benda á að íslensk fjármálafyrirtæki séu í vaxandi samkeppni við erlend fjármálafyrirtæki þar sem heimildir til starfskjara eru og verða rýmri hér á landi verði

frumvarpið óbreytt að lögum. Vísar ráðuneytið í umsögn SFF fyrir fleiri sjónarmið sem fram koma um þetta. Við gerð frumvarpsins hefur mikið verið horft á hvernig aðrar Norðurlandþjódir hafa innleitt efni CRD IV tilskipunarinnar.

Færð hafa verið rök fyrir því að of lágt hlutfall breytilegra starfskjara sé hamlandi fyrir starfsemi fjármálafyrirtækja og sérstaklega þau minni. Ráðuneytið telur ekki að lágt hármærshlutfall breytilegs kostnaðar muni halda aftur af launaskriði hjá fjármálafyrirtækjum heldur gæti það frekar leitt til hærri fasts rekstrarkostnaðar. Þá má færa rök fyrir því að of lágt hlutfall breytilegs kostnað að þessu leyti geti verið sveifluaukandi fyrir starfsemi fjármálafyrirtækja. Hætt er við því að föst laun hjá fjármálafyrirtækjum hækki í uppsveiflu í hagkerfinu sem geti leitt til launaskriðs meðal sambærilegra hópa..

Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að gæta þurfi meðalhófs þegar hámark breytilegra starfskjara er ákveðið. Í því sambandi verði að horfa til þeirra viðamiklu breytinga sem verið er að gera á umgjörð breytilegra starfskjara, þ.e. að reynt er að gæta þess að skammtímahagsmunir starfsmanna geti ekki leitt til skaða fyrir fyrirtækið og samfélagið til lengri tíma. Auk þess er ljóst að aðrar starfsstéttir sæta ekki jafnþyngjandi takmörkunum á samningsfrelsi sínu.

Hámark breytilegra starfskjara við 25% er mun lægra en þekkist almennt í nágrannaríkjum okkar og telur ráðuneytið að skaðlausu megi hækka hlutfallið upp í 50%. Í því sambandi er rétt að áréttá að önnur ákvæði tryggja mun betur en fyrir hrun fjármálakerfisins að hagsmunir einstakra starfsmanna fari saman með hagsmunum viðkomandi fjármálafyrirtækis og fjármálakerfisins í heild. Ef áhugi er hjá nefndinni að setja sérreglur um minni fyrirtæki mætti útfæra slíka reglur á mismunandi hátt, t.d. þannig að hlutfallið sé sett hærra með lögum (t.d. 100%) og taki til ákveðinna tegunda fyrirtækja eða miðað sé við efnahagsreikning. Einnig mætti setja reglu sem tækju til allra aðila á markaði (t.d. 50%) og setja inn heimild fyrir hluthafa (aukinn meirihluta) að samþykkja hækkun sem geti orðið allt að ákveðnu hlutfalli (t.d. 100%) í tilviki ákveðinna tegunda fjármálafyrirtækja eða fyrirtækja sem eru undir ákveðnum stærðarmörkum. Einnig má útfæra reglurnar þannig að fyrirtækjum sem skipt upp í þrennt, t.d. þannig að ákveðnar reglur gildi um kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki (ströngustu reglurnar), þá aðrar sem gilda um önnur fjármálafyrirtækji sem taka við innstæðum þ.e. aðrir viðskiptabankar og sparisjóðir en þeir sem eru kerfislega mikilvægir (meira svigrúm en skv. reglum sem gilda um kerfislega mikilvæga aðila) og þriðju reglurnar sem taka til annara fjármálafyrirtækja sem ekki taka við innstæðum (verðbréfafyrirtæki o.fl.). Færa má rök fyrir því að þessi útfærsla geti leitt til hvata fyrir stóra eða meðalstóra viðskiptabanka til þess að aðskilja ákveðna starfsemi frá aðalstarfsemi sinni (þ.á m. móttöku innstæðna) með starfrækslu dótturfélaga með takmarkað starfsleyfi. Slíkt gæti minnkað áhættu í fjármálakerfinu. Ef efnahags- og viðskiptanefnd hefur hug á því að gera breytingar á reglum um hámarkshlutfall breytilegra starfskjara þá býður ráðuneytið fram aðstoð sína við að útfæra og orða slík ákvæði.

Í umsögn Neytendasamtakanna er gerð athugasemd við breytt gildissvið reglna um breytileg starfskjör, þ.e. að íþyngjandi ákvæði laganna nái einungis til yfirstjórnar og lykilstarfsmanna o.fl. Í umsögninni telja samtökin þetta jákvætt og geti hugsanlega haft jákvæð áhrif á áhættusækni fyrirtækis. Neytendasamtökin benda á að takmarkanirnar nái ekki til starfsmanna fjármálafyrirtækja sem neytendur eigi samskipti við, þ.e. fyrst og fremst þjónustufulltrúa. Telja Neytendasamtökin það afar hæpið að þjónustufulltrúar sem alla jafnan sjá einnig um fjármálaráðgjöf til almennings, eigi afkomu sína jafnvel undir því að þeim takist að selja tiltekna fjármálaafurðir fyrirtækisins til viðskiptavina og að slíkt geti ekki samrýmst



markmiði um hlutlausa fjármálaráðgjöf. Telja Neytendasamtökin því að þak eigi að vera á greiðslum breytilegra starfkjara til allra starfsmanna fjármálafyrirtækja. Sérfræðingar ráðuneytisins benda á að allir starfsmenn tiltekins fjármálafyrirtækis koma að sölu þeirra vara eða þeirrar þjónustu sem þetta tiltekna fjármálafyrirtæki veitir en þó auðvitað með undantekningum. Þannig virðist vera hér sá grunvallarmisskilningur á hlutverki þjónustufulltrúa fjármálafyrirtækjanna að þeir veiti hlutlausa fjármálaráðgjöf til almennings. Sérfræðingar ráðuneytisins draga það ekki í efa að þjónustufulltrúar bankanna veiti lang flestir afbragðsþjónustu til neytenda. Hér verður þó að benda á að sú hlutlausa ráðgjöf sem þjónustufulltrúar veita nær einungis eins langt og hún nær innan þeirra vöruflokka og þjónustuflokka sem umræddur banki býður upp á. Aðrar norðurlandþjóðir hafa ákveðið að miða við sama gildissvið reglna um breytileg starfskjör og miðað er við í þessu frumvarpi og ekki séð ástæðu til þess að setja frekari takmarkannir á því. Ráðuneytið getur ekki séð að þessi sjónarmið eigi að leiða til annarra reglna hér á landi.

MP tekur undir athugasemdir SFF um 25. og 26. gr. frumvarpsins. MP telur ákvæði um breytileg starfskjör til þess fallið að auka fastakostnað fjármálafyrirtækja þar sem reglurnar hafa áhrif til hækkunar fastra launa í fjármálakerfinu. Hallar þar mest á minni fjármálafyrirtæki í samkeppni við þau stærri.

Virðing gerir í umsögn sinni athugasemd við ákveðna þætti í umsögn SFF. Auk þess kemur fram í umsögn Viðringar að reglur 25. og 26. gr. frumvarpsins séu takmarkandi fyrir verðbréfafyrirtæki og telur að aðrar og viðtækari reglur eigi að gilda um verðbréfafyrirtæki en kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, m.a. vegna þess að verðbréfafyrirtæki hafa takmarkað starfsleyfi og taka ekki við innlánnum eða stunda útlánastarfsemi. Kerfisleg áhrif verðbréfafyrirtækja þ.á m. Viðringar sé því afar takmörkuð. ásamt þessu vísar Virðing til sjónarmiða um rekstrarkostnað minni fjármálafyrirtækja og samkeppnissjónarmiða í umsögn sinni. Viðring leggur til að reglur um breytileg starfskjör verði breytt þannig að rammi CRD IV verði látinn gilda þannig að rýmri reglur gildi um minni fjármálafyrirtæki. Ráðuneytið getur fallist á þau sjónarmið að strangari reglur geti gilt um kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og fyrirtæki sem taka við innlánnum frá almenningi en um verðbréfafyrirtæki.

Í umsögn VÍ er að finna athugasemd sem varðar bæði 25. og 26. gr. frumvarpsins en í meginatriðum tekur VÍ undir það sem fram kemur í umsögn SFF um ákvæðin. Auk þess segir í umsögninni um 25% viðmiðið um hlutfall breytilegra starfkjara af föstum starfskjörum að þetta sé mun lögra hlutfall en gildir á öðrum Norðurlöndum og telur VÍ það vera of lágt. Þá telur VÍ að fastur kostnaður fjármálafyrirtækja muni hækka og útgreiðslur launa verði fyrirtækjunum þungbærari þegar ekki árar vel verði frumvarpið samþykkt óbreytt. Þannig muni fjármálafyrirtæki fækka starfsfólki í auknum mæli í niðursveiflum í stað þess að draga úr breytilegum starfskjörum þeirra, sem leiði til aukins atvinnuleysis þegar efnahagssamdráttur á sér stað. Ákvæðið verður því til þess að draga úr efnahagslegum stöðugleika héraendis. Mælir VÍ með því að veita fjármálafyrirtækjunum meiri sveigjanleika í þessum efnunum. Ráðuneytið fellst á sjónarmið VÍ að þessu leyti.

Ráðuneytið bendir að lokum á að margar af þeim reglum sem finna má í efni 25. og 26. gr. frumvarpsins eigi að taka á þeim óeðlilegu hvötum sem finna mátti í starfskjarastefnum fjármálafyrirtækja fyrir hrun t.d. reglur um frestum, hlutfall breytilegra starfskjara og samsetningu, heimildir til endurkröfu og afturköllun breytilegra starfskjara og hvernig fer um starfskjör þegar fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki skyldur til að uppfylla eiginfjárauka, ef

fyrirtæki fær þrautvaralán eða fjárhagsaðstoð frá ríkinu eða ef fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki lágmarkseiginfjárkröfu skv. 1. mgr. 84. gr. eða sérstaka eiginfjárkröfu skv. a-lið 1. mgr. 84. gr. laganna. Á þetta er einnig bent með ítarlegri hætti í umsögn SFF og vísast því þangað.

### **25. gr. frumvarpsins (Starfskjarastefna).**

SFF leggur til að d-liður 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins verði felldur brott þar sem um er að ræða séríslenska reglu sem ekki er að finna í CRD IV. Ráðuneytið vísar hér til þess að hér er um vísireglur að ræða sem taka ber mið af við útfærslu starfskjarastefnu fjármálafyrirtækis. Umræddur liður megi finna í 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglna FME nr. 700/2011, um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja sem stefnt er að veita lagastöð með frumvarpinu. Ráðuneytið leggur til að d-liður haldi sér í ákvæðinu enda sé hann í samræmi við markmið þeirra reglna sem lögfestar eru með 25. og 26. gr. frumvarpsins og endurspeglar í nýjum Evrópureglum um vernd innstæðueigenda og skila- og slitamedferð fjármálafyrirtækja sem ekki hafa verið innleiddar hér á landi en unnið er að lagabreytingum í ráðuneytinu.

SFF gerir athugasemd við 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins og telur 20 milljarða viðmiðið of lágt og leggur til að einungis verði miðað við starfsmannafjölda. Ákvæðið er í samræmi við þá útfærslu sem Norðmenn gera í sínum reglum eins og vísað er til í frumvarpinu. Ef miðað er við 100 starfsmenn munu það bara vera stóru bankarnir þrír sem þurfa að uppfylla ákvæðið (ekki er ljóst hvort kreditkortafyrirtækin munu áfram kjósa að starfa eftir lögum um fjármálafyrirtæki eftir samþykki frumvarpsins). Við útfærslu þeirra viðmiða sem kveðið er á um í ákvæðinu var horft til þeirra fyrirtækja sem ráðuneytið telur æskilegt að skipi slíka nefnd og getið er á um í ákvæðinu. Ekki er að sjá að mikið af undanþágubeiðnum muni berast FME vegna ákvæðisins og telur ráðuneytið líklegt að þær verði ein til tvær. Til upplýsinga mun ákvæðið taka til Arion banka, Landsbankans, Íslandsbanka, MP banka, Lýsingar og Lánasjóðs sveitarfélaga. Ráðuneytið hefur ekki nýjustu upplýsingar um lykilstærðir Straums en gera má ráð fyrir að bankinn muni falla undir ákvæðið. Eins og áður segir er ekki ljóst hvort að kreditkortafyrirtækin Borgun hf. og Valitor hf. muni kjósa að starfa áfram skv. lögum um fjármálafyrirtæki eða sækja um einfaldara starfsleyfi. Kjósi þau að starfa áfram á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki munu þau falla undir ákvæðið.

### **26. gr. frumvarpsins (Breytileg starfskjör).**

#### ***Um a-lið***

SFF gerir athugasemd við 2. mgr. a-liðar um að óheimilt sé að ákvarða stjórn breytileg starfskjör og sé hér um að ræða íþyngjandi reglu sem ekki sé að finna í CRD IV tilskipuninni. Ráðuneytið staðfestir það að þessi regla er ekki að finna í CRD IV tilskipuninni heldur sé þetta gildandi regla skv. reglum FME um kaupaukakerfi sem veitt sé lagastöð með frumvarpinu. Ráðuneytið tekur ekki undir þann lagaskilning SFF að heimilt verði að greiða stjórn breytileg starfskjör á grundvelli þess að stjórn sé eftirlitseining enda komi skýrt fram í textanum að óheimilt sé að ákvarða stjórn breytileg starfskjör og gefur orðalagið engan kost á annari og þá rúmri lögskýringu. Benda má á að greiðslur breytilegra starfskjara til stjórnarmanna fjármálafyrirtækja eru heimilar á öðrum Norðurlöndunum en þá með takmörkunum þannig má taka sem dæmi dönsk lög um fjármálafyrirtæki en samkvæmt þeim mega breytileg starfskjör í tilviki stjórnarmanna í mesta lagi vera 50% af föstum starfskjörum sbr. 1. tölul. 1. mgr. 77. gr. a laganna. Í Svíþjóð er miðað við að hærra hlutfalli breytilegra starfskjara í tilviki stjórnarmanni sé frestað til lengri tíma og sé hærra hlutfall (60%). Ráðuneytið telur ekki þörf á rýmkun á þessum reglum að svo stöddu og telur að betra sé að bíða og sjá hvernig nýjar reglur munu reynast hér á landi áður en slíkt sé tekið til umræðu.

### **Um b-lið**

Í umsögn SFF er lagt til að hugtakinu „yfirstjórn“ sé skipt út fyrir „framkvæmdarstjóra“ og vísar til skilgreiningar í CRD IV. Ráðuneytið tekur fram að hugtakið „yfirstjórn“ átti ekki að ná til ensku skilgreiningarinnar á „senior management“ og vísar til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins. SFF leggja einnig til að orðið „m.a.“ og hugtakið „lykilstarfsmenn“ verði felld út. Þessu er ráðuneytið ekki sammála en miðað var við hvernig gildissviðið var útfært í Danmörku og Svíþjóð við smíði þess og telur að ekki eigi vera annað gildissvið hér á landi en á Norðurlöndunum. Ráðuneytið leggur því til að 2. másl. 1. mgr. b-liðar 26. gr. frumvarpsins orðist svo: Ákvæðið tekur m.a. til framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra og aðra sem heyra beint undir stjórn fyrirtækisins, lykilstarfsmanna, starfsmanna eftirlitseininga og annarra starfsmanna sem njóta sambærilegra heildarstarfskjara og framkvæmdastjóri, aðstoðarframkvæmdastjóri og lykilstarfsmenn.

SFF telja einnig í umsögn sinni að reglurnar eigi að veita minni fjármálafyrirtækjum meira svigrúm m.t.t. meðalhófsreglu og leggja til nýtt orðalag ákvæðisins. Ef fallist er á nýtt orðalag SFF getur það leitt til þess að viðmiðið á „heildarstarfskjörum“ verði misjafnt á milli fjármálafyrirtækja þar sem það vísar beint til „heildarstarfskjara framkvæmdastjóra“ sem er misjafnt eftir fjármálafyrirtækjum og hugsanlega mun það vera hæst í tilfelli stóru bankanna þriggja. Með þessu munu reglur um breytileg starfskjör taka til færri starfsmanna stærri bankanna en gert er ráð fyrir að muni gilda samkvæmt frumvarpinu. Nýtt orðalag mun því að mati ráðuneytisins koma verst niður á minni fyrirtækjunum. Að mati ráðuneytisins er ekki ráðlegt að gera breytingar á gildissviðinu til þess að taka á vandamáli vegna rekstrarkostnaðar fyrirtækjanna heldur eigi að breyta hlutfalli breytilegra starfskjara til þess að ná því fram. Að mati ráðuneytisins er betra að hafa skilgreiningu á gildissviði reglnanna víðtækari þannig að það sé öruggt að þeir starfsmenn sem hafi áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis falli undir regluna.

### **Um c-lið**

SÍ leggur til að fresta skuli 60% af breytilegum starfskjörum til stjórnenda og lykilstarfsmanna eða þeirra sem taldir eru hafa veruleg áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækja í 5 til 7 ár, enda yrði það í meira samræmi við lengd hagsveiflna. Ráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið og má finna sambærilega nálgun í bæði Danmörku og Svíþjóð en í dönskum lögum um fjármálafyrirtæki er við lengri frestun í tilviki stjórnarmanna eða í 4 ár (5. tölul. 1. mgr. 77. gr. a) og í sænskum reglum um breytileg starfskjör er miðað við að fresta skuli 60% af breytilegum starfskjörum til stjórnenda, lykilstarfsmanna og þeirra sem hafa áhrif á áhættusnið fyrirtækisins en hins vegar er ekki lagt til lengra tímabil en almennt gengur þ.e. í a.m.k. 3 ár (6. gr. í 4 kafla reglnanna). Til stóð að sambærileg regla yrði í frumvarpi því sem nú er til meðferðar en þar sem einungis er miðað við að hámarkshlutfall breytilegra starfskjara sé 25% eða einungis brot af því sem gildir í nágrannalöndunum yrði að telja slíka reglu íþyngjandi. Ráðuneytið telur ekki þörf á slíkri reglu ef haldið er í 25% hámarkshlutfall breytilegra starfskjara. Verði ákveðið að hækka hámarkshlutfall breytilegra starfskjara telur ráðuneytið þó að gera ætti breytingar í samræmi við tillögur SÍ.

Í umsögn SÍ kemur einnig fram að bankinn telji það umdeilanlegt að veita starfsmönnum eftirlitseininga breytileg starfskjör en verði það raunin ætti skilyrði um aukinn frest og aukna lengd við um þá líka. Breytileg starfskjör eru heimilaðar til starfsmanna eftirlitseininga í Danmörku, Noregi og Svíþjóð en sérreglur gilda sem kveða á um það að breytileg starfskjör þessara eininga megi ekki taka mið af þeim einungum sem umrætt eftirlitssvið hefur eftirlit með. Ráðuneytið leggur því til að nýr lokamálsliður bætist við tillögu að nýrri 1. mgr. 57. gr. d

sem hljóðar þannig: Ef starfsreglur fjármálafyrirtækis heimila að breytileg starfskjör séu ákvörðuð starfsmönnum eftirlitseiningar mega slík starfskjör ekki ákvarðast eftir árangri, eða taka mið af, einingu fyrirtækisins sem eftirlitseiningin hefur eftirlit með. Ef nefndin fellst á sjónarmið sem fram koma í umsögnum um hækkun á hlutfalli breytilegra starfskjara þá leggur ráðuneytið það til að nefndin skoði lengri frestun á greiðslum breytilegra starfskjara til þessara eininga og í samræmi við tillögu SÍ.

MP gerir athugasemd við nýja 1. mgr. 57. gr. c um að helmingur allra breytilegra launagreiðslna skuli vera í formi hlutfjár með þriggja ára frestun. Þetta sé gríðarlega þungt í framkvæmd t.d. þegar um tímabundnar og arðbærar ráðningar er að ræða. Þá sé jafnframt verulegur munur á því hvernig virðismat hlutfjár fer fram fyrir smærri óskráð fyrirtæki miðað við stærri félög sem koma til með að verða skráð á næstu misserum. Þetta skekkir samkeppnisstöðu smærri óskráðra félaga við að laða til sín hæfasta fólkið. MP leggur til að smærri fjármálafyrirtækjum, þ.e. fyrirtækjum sem ekki eru kerfislega mikilvæg, verði veitt undanþága frá umræddum hömlum hvað kaupauka varði eða hafi í það minnsta meira svigrúm til þess að vera samkeppnishæf.

SFF telur að regla um samsetningu breytilegra starfskjara þ.e. að þau skuli vera að minnsta kosti 50% í formi hlutabréfa eða öðrum gerningum sé íþyngjandi innleiðing á CRD IV.

Eftir að frumvarpið var lagt fram tók ráðuneytið það sérstaklega til skoðunar hvort að hugsanlega væri hægt að gera breytingar á reglu um samsetningu breytilegra starfskjara m.a. á grundvelli sömu sjónarmiða og nú hafa komið fram í umsögnum sem bárust frá MP og SFF. Í 94. gr. CRD IV tilskipunarinnar er kveðið á um breytileg starfskjör. Í 1. mgr. 94. gr. er vísað til þess að um breytileg fari einnig samkvæmt þeim meginreglum sem kveðið er á um í 2. mgr. 92. gr. tilskipunarinnar. Í 2. mgr. 92. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að reglurnar skuli gilda um framkvæmdastóra, starfsmenn eftirlitseininga og þá sem hafa áhrif á áhættusnið fyrirtækisins og að reglurnar skuli einnig taka mið af eðli, stærð fyrirtækisins, starfsemi o.fl. Kveðið er á um það í 1-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunarinnar að breytileg starfskjör skuli a.m.k. helmingi vera í formi hlutfjár eða sambærilegum gerningum sem nánar er kveðið á um í ákvæðinu eða í 52. eða 63. gr. CRR reglugerðarinnar. Danir hafa innleitt ákvæði 1-lið 1. mgr. 94. gr. CRD IV um samsetningu breytilegra starfskjara að það taki til þeirra sem nefndir eru í 2. mgr. 94. gr. tilskipunarinnar. Þetta kemur fram í 4. tölul. 1. mgr. 77. gr. a í dönsku lögnum.

Ráðuneytið leggur til að regla um lágmarkssamsetningu breytilegra starfskjara taki einungis til þeirra starfsmanna sem tilgreindir eru í tillögu að nýrri 57. gr. c í frumvarpinu með breytingu sem lögð er til á b-lið 1. mgr. 26. gr. frumvarpsins í minnisblaði þessu. Ráðuneytið leggur því til að í stað orðanna „að minnsta kosti helmingur ákvarðaðra breytilegra starfskjara starfsmanna fjármálafyrirtækis skal samanstanda af hlutabréfum,“ í 1. másl. 1. mgr. c-lið 26. gr. frumvarpsins komi orðin „Í tilviki starfsmanna sem kveðið er á um í 1. mgr. 57. gr. c skal að minnsta kosti helmingur ákvarðaðra breytilegra starfskjara samanstanda af hlutabréfum,“. Þá bætist einnig við nýr 3. másl. 1. mgr. c-lið 26. gr. frumvarpsins sem orðist svo: Stjórn fjármálafyrirtækis er heimilt að ákveða að breytileg starfskjör skuli ekki ákvarðast skv. 1. másl. þegar um er að ræða starfsmenn eftirlitseininga.

Í umsögn SFF er lagt til að 3. mgr. greinarinnar sé felldur út. Ráðuneytið fellst á það með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til á 1. mgr. greinarinnar á minnisblaði þessu.

### **Um d-lið**

SÍ leggur til að heimild til þess að endurkrefja starfsmenn fjármálafyrirtækisins um þegar útgreidd breytileg starfskjör verði rýmkuð. Heimildin nái þannig til yfirstjórnar og lykilstarfsmanna þegar staða fyrirtækisins hefur versnað verulega, eða útlit er fyrir að staða þess muni versna verulega. Ráðuneytið fellst á þessa breytingu og bendir á að reglan geti ýtt frekar undir það að stjórnendur innan fjármálafyrirtækis hugsi frekar um langtímahagsmuni fyrirtækisins við ákvarðanatöku og færa má rök fyrir því að stjórnendur muni fyrr bregðast við versnandi afkomu og minnkandi eiginfjárstöðu fyrirtækisins með tilkynningu til eftirlitsaðila. Ráðuneytið leggur því til að nýr 3. málslíður bætist við 2. mgr. d-lið 26. gr. frumvarpsins sem hljóðar svo: Í starfsreglum skal kveðið á um að ef staða fjármálafyrirtækis hefur versnað verulega, eða útlit er fyrir að staða þess muni versna verulega, er heimilt að endurkrefja starfsmenn sem kveðið er á um í 1. mgr. 57. gr. c um þegar útgreidd breytileg starfskjör og skal heimildin ná þrjú ár aftur í tímann frá því tímamarki þegar fjármálafyrirtæki fyrst fullnægði ekki eiginfjárkröfu 1. mgr. 84. gr. eða samanlagðri kröfu um eiginfjárauka skv. 3. mgr. 84. gr. a.

SFF leggur til að orðið „sérstaklega“ komi í stað orðsins „einkum“ í 1. másl. 2. mgr. d-lið 26. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið fellst á breytinguna. Í stað orðsins „einkum“ í 1. másl. 2. mgr. d-lið 26. gr. frumvarpsins komi því orðið „sérstaklega“.

SÍ leggur til breytingu á 3. mgr. greinarinnar sem er nátengd breytingu sem lögð er til við 2. mgr. greinarinnar þannig að þegar fjármálafyrirtæki er veitt lán til þrautvara eða einhverskonar fjárhagsaðstoð frá hinu opinbera. skuli vera heimilt að afturkalla í heild eða hluta, þegar ákvörðuð breytileg starfskjör sem ekki hafi verið greidd út til starfsmanns. Er miðað við að hér sé um að ræða yfirstjórn og lykilstarfsmenn. Ráðuneytið fellst á þessa breytingatillögu með sömu sjónarmiðum og breytingartillögu við 2. mgr. Ráðuneytið leggur þó til að þessi heimild orðist þannig: Á eftir 1. másl. 3. mgr. d-lið 26. gr. frumvarpsins kemur nýr málslíður sem orðast svo: Í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 1. másl. skal vera heimilt að endurkrefja starfsmenn sem fala undur 1. mgr. 57. gr. c um þegar útgreidd breytileg starfskjör á sama hátt og gildir skv. 3. másl. 2. mgr.

### **Breytingar:**

#### **Í b-lið 26. gr.**

2. másl. 1. mgr. b-liðar 26. gr. orðist svo: Ákvæðið tekur m.a. til framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra og aðra sem heyra beint undir stjórn fyrirtækisins, lykilstarfsmanna, starfsmanna eftirlitseininga og annarra starfsmanna sem njóta sambærilegra heildarstarfskjara og framkvæmdastjóri, aðstoðarframkvæmdastjóri og lykilstarfsmenn.

#### **Í c-lið 26. gr.**

Í stað orðanna „að minnsta kosti helmingur ákvarðaðra breytilegra starfskjara starfsmanna fjármálafyrirtækis skal samanstanda af hlutabréfum,“ í 1. másl. 1. mgr. c-lið 26. gr. frumvarpsins komi orðin „Í tilviki starfsmanna sem kveðið er á um í 1. mgr. 57. gr. c skal að minnsta kosti helmingur ákvarðaðra breytilegra starfskjara samanstanda af hlutabréfum,“.

Nýr 3. másl. 1. mgr. c-lið 26. gr. frumvarpsins sem orðist svo: Stjórn fjármálafyrirtækis er heimilt að ákveða að breytileg starfskjör skuli ekki ákvarðast skv. 1. másl. þegar um er að ræða starfsmenn eftirlitseininga.

Nýr lokamáslíður bætist við 1. mgr. c-lið 26. gr. sem hljóðar svo: Ef starfsreglur

fjármálafyrirtækis heimilla að breytileg starfskjör séu ákvörðuð starfsmönnum eftirlitseiningar fyrirtækisins mega slík starfskjör ekki ákvarðast eftir árangri, eða taka mið af, einingu fyrirtækisins sem eftirlitseiningin hefur eftirlit með.

### **Í d-lið 26. gr.**

Nýr 3. málslíður bætist við 2. mgr. d-lið 26. gr. frumvarpsins sem hljóðar svo: Í starfsreglum skal kveðið á um að ef staða fjármálafyrirtækis hefur versnað verulega, eða útilit er fyrir að staða þess muni versna verulega, er heimilt að endurkrefja starfsmenn sem kveðið er á um í 1. mgr. 57. gr. c um þegar útgreidd breytileg starfskjör og skal heimildin ná þrjú ár aftur í tímann frá því tímamarki þegar fjármálafyrirtæki fyrst fullnægði ekki eiginfjákröfu 1. mgr. 84. gr. eða samanlagðri kröfu um eiginfjárauka skv. 3. mgr. 84. gr. a.

Í stað orðsins „einkum“ í 1. másl. 2. mgr. d-lið 26. gr. frumvarpsins komi því orðið „sérstaklega“.

Á eftir 1. másl. 3. mgr. d-lið 26. gr. frumvarpsins kemur nýr málslíður sem orðast svo: Í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 1. másl. skal vera heimilt að endurkrefja starfsmenn sem fala undur 1. mgr. 57. gr. c um þegar útgreidd breytileg starfskjör á sama hátt og gildir skv. 3. másl. 2. mgr.

### **29. gr. frumvarpsins (Ný ákvæði um áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja).**

SFF gerir athugasemd við notkun á orðinu „framkvæmdastjórn“ í 9. mgr. i-liðar (78. gr. h) og vísast í umsögn þeirra fyrir rökstuðning gegn því að orðið sé þarna notað. Ráðuneytið fellst á þessi sjónarmið og leggur til að orðið „framkvæmdastjórn“ falli brott úr 9. mgr. i-liðar 29. gr. frumvarpsins og orðið „framkvæmdastjóri“ komi í stað þess.

### **Breyting:**

Í stað orðsins „framkvæmdastjórn“ í 9. mgr. i-liðar 29. gr. frumvarpsins komi orðið „framkvæmdastjóri“.

### **30. gr. frumvarpsins (Nýir eiginfjáraukar).**

Í umsögn SFF er lögð áhersla á að þær reglur sem gert er ráð fyrir að innleiddar verði með reglugerðum ráðherra eða reglum FME og hafa lagastöð í nýjum ákvæðum um eiginfjárauka verði í samræmi við EES-reglur. Ráðuneytið er sammála þessu og telur að svo stöddu, litla þörf á séríslenskum reglum um eiginfjárauka. Við útfærslu íslenskra ákvæða um eiginfjárauka hefur ráðuneytið og nefnd sem kom að gerð frumvarpsins aðallega horft til útfærslu annarra Norðurlandanna á sömu ákvæðum tilskipunarinnar. Slíkt verður einnig gert við útfærslu reglnanna og reglugerðanna sem gert er ráð fyrir að verði settar seinna á þessu ár.

### **Um c-lið**

Ráðuneytið fellst á breytingatillögu SÍ á 1. másl. 1. mgr. c-liðar 30. gr. frumvarpsins enda er hún í samræmi við tilgang ákvæðisins. 1. másl. 1. mgr. c-liðar 30. gr. frumvarpsins orðist því svo: Fjármálaeftirlitið skal kveða á um eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæg fyrirtæki árlega að undangengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikráði. Í stað orðsins „umsagnar“ í 3. másl. 1. mgr. c-lið 30. gr. frumvarpsins komi orðið „tilmæli“ í sama málslíð.

### **Um d-lið**

SÍ gerir athugasemd við orðalag 2. másl. 1. mgr. greinarinnar. Hugsunin á bak við orðalag ákvæðisins og með tilvísun til að fjármálastöðugleikaráð skyldi meta hvort ástæða væri til

Þess að setja eiginfjáráukann á og hvert gildi hans væri 12 mánuði fram í tímann var til þess að ná sama inntaki og vísað er í umsögn SÍ. Í rauninni væri fjármálastöðugleikaráð (kerfisáhættunefnd) fyrst og fremst að horfa eitt ár fram í tímann við mat sitt. Það er nefnilega ekki fjármálastöðugleikaráð sem setur sveiflujöfnunaraukann á eða ákveður gildi hans svo gildandi sé fyrir fjármálafyrirtækin heldur er það á forræði FME sbr. 1. másl. 1. mgr. og mun FME taka mið af tilmælum fjármálastöðugleikaráðs ár fram í tímann þegar sveiflujöfnunaraukinn væri settur á eða gildi hans hækkað. Hugsanlega er þetta inntak skýrara í orðalagsbreytingu sem SÍ leggur til í umsögn sinni og fellst ráðuneytið því á hana. 2.-5 máslíður 1. mgr. d-liðar 30. gr. frumvarpsins verði því felldir á brott og í staðinn komi eftirfarandi: Fjármálastöðugleikaráð skal ársfjórðungslega leggja fram tilmæli um gildi sveiflujöfnunarauka fyrir hvern ársfjórðung. Tilmæli fjármálastöðugleikaráðs skulu einkum byggjast á tillögum og greiningu kerfisáhættunefndar, sbr. lög um fjármálastöðugleikaráð, nr. 66/2014. Hækkun á sveiflujöfnunarauka skal taka gildi eigi síðar en 12 mánuðum eftir ákvörðun þess efnis. Heimilt er að kveða á um styttri tímafresti en skv. 4. másl. ef óvenjulegar aðstæður skapast á fjármálamarkaði og skal það þá sérstaklega rökstutt. Tilmæli fjármálastöðugleikaráðs og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kveða á um sveiflujöfnunarauka, lækkun eða hækkun hans, skal rökstudd og birt opinberlega, þó að teknu tilliti til 58. gr. laga þessara og 10. gr. laga nr. 66/2014, um fjármálastöðugleikaráð.

Í umsögn SÍ kemur fram að bankinn leggi mikla áherslu á að efni reglugerða sem kveðið er á um í b-, c- og d-lið 30. gr. frumvarpsins verði unnið í nánú samstarfi á milli ráðuneytisins, FME og SÍ. Ráðuneytið tekur undir þetta og hugsanlegt er að þegar sú vinna er yfirstaðin að umræddar reglugerðir verði einnig birtar opinberlega fyrir setningu þeirra og almenningi og öðrum þeim sem láta málið sig varða verði gefin kostur á að gefa umsögn um þær.

### **Breytingar:**

1. másl. 1. mgr. c-liðar 30. gr. frumvarpsins orðist því svo: Fjármálaeftirlitið skal kveða á um eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvæg fyrirtæki árlega að undangengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikráði.

Í stað orðsins „umsagnar“ í 3. másl. 1. mgr. c-lið 30. gr. frumvarpsins komi orðið „tilmæli“ í sama máslíð.

2.-5 máslíður 1. mgr. d-liðar 30. gr. frumvarpsins verði því felldir á brott og í staðinn komi eftirfarandi: Fjármálastöðugleikaráð skal ársfjórðungslega leggja fram tilmæli um gildi sveiflujöfnunarauka fyrir hvern ársfjórðung. Tilmæli fjármálastöðugleikaráðs skulu einkum byggjast á tillögum og greiningu kerfisáhættunefndar, sbr. lög um fjármálastöðugleikaráð, nr. 66/2014. Hækkun á sveiflujöfnunarauka skal taka gildi eigi síðar en 12 mánuðum eftir ákvörðun þess efnis. Heimilt er að kveða á um styttri tímafresti en skv. 4. másl. ef óvenjulegar aðstæður skapast á fjármálamarkaði og skal það þá sérstaklega rökstutt. Tilmæli fjármálastöðugleikaráðs og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kveða á um sveiflujöfnunarauka, lækkun eða hækkun hans, skal rökstudd og birt opinberlega, þó að teknu tilliti til 58. gr. laga þessara og 10. gr. laga nr. 66/2014, um fjármálastöðugleikaráð.

### **31. gr. frumvarpsins (Breytingar á 87. gr. laganna – Samning ársreiknings og undirritun).**

SFF leggur til að orðunum „á reikningsárinu“ verði bætt við í lok nýs e-liðar. Ráðuneytið fellst á breytinguna. Nýr e-liður orðist því þannig: yfirlit yfir hvers konar styrki eða niðurgreiðslur, og fjárhæð þeirra, sem félagið hefur þegið frá hinu opinbera á reikningsárinu,.

**Breyting:**

e-liður 31. gr. orðist þannig: yfirlit yfir hvers konar styrki eða niðurgreiðslur, og fjárhæð þeirra, sem félagið hefur þegið frá hinu opinbera á reikningsárinu,

**37. gr. frumvarpsins (Breytingar á 109. gr. – Eftirlit á samstæðugrundvelli).**

SFF gerir athugasemd við breytingu á ákvæðinu. Staðsetning nýs orðalags er undir ákvæði sem ber heitið „Eftirlit að samstæðugrundvelli“ og telur ráðuneytið ekki þörf á breytingu hér en breyting gæti einnig leitt til þess að ákvæðið yrði túlkað of þröngt. Eitt vandamál sem var til staðar á fjármálamarkaði fyrir hrún var of þröng túlkun á eftirlitsheimildum FME.

**42. gr. frumvarpsins (Innleiðing CRR reglugerðarinnar og tæknilegra staðla í íslenskan rétt).**

SÍ bendir á í umsögn sinni að bæði SÍ og FME fari með eftirlit með meðhöndlun áhættuþátta skv. 2. mgr. k-liðs 29. gr. frumvarpsins. SÍ setji reglur um laust fé og stöðuga fjármögnun og hefur eftirlit með því að eftirlitsskyldir aðilar fari að reglunum. SÍ telur mikilvægt að reglugerð sem ráðherra setur og innleiðir CRR taki mið af því. Ráðuneytið er þessu sammála og mun ráðuneytið setja umrædda reglugerð í samráði við bæði FME og SÍ.

Í umsögn SÍ kemur fram að bankinn þurfi að setja reglur sem byggja munu á tæknilegum framkvæmdar- og eftirlitsstöðum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar vegna tilvitnaðs reglusetningar og eftirlitshlutverks síns en ekki sé gert ráð fyrir slíkri reglusetningu í 42. gr. frumvarpsins. Sedlabankinn leggur áherslu á mikilvægi þess að nefndri reglusetningu verði veitt nægjanleg lagastöð í þinglegri meðferð frumvarpsins. Ráðuneytið tekur fram að það er tilbúið að aðstoða við útfærslu þessa sé þess óskað.

Í umsögn FME leggur eftirlitið áherslu á að ákvæði sem finna má í 42. gr. frumvarpsins verði samþykkt sem fyrst og að heimild verði tekin upp til þess að birta gerðir sem vísað er til undir b-lið 42. gr. á ensku fyrst um sinn. Ráðuneytið fellst á tillögur í umsögn FME. Ráðuneytið leggur þó til að umræddar gerðir verði einnig birtar á heimasíðu FME og orðin „og Fjármálaeftirlitsins“ bætist við tillögur á nýjum ákvæðum þar sem vísað er í „heimasíður ráðuneytisins“. Ráðuneytið leggur einnig til að nýr málslíður bætist við tillögu að bráðabirgðaákvæði IV í umsögn FME sem hljóði þannig: Birtingar á heimasíðum ráðuneytisins og Fjármálaeftirlitisins skal ráðherra auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.

**Breytingar:**

Orðin „og Fjármálaeftirlitsins“ bætast við á eftir orðinu „ráðuneytisins“ í lok bráðabirgðaákvæða I og II.

Nýr 3. másl. bráðabirgðaákvæðis IV orðist svo: Birtingar á heimasíðum ráðuneytisins og Fjármálaeftirlitisins skal ráðherra auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.

**45. gr. frumvarpsins (Gildistaka).**

SÍ leggur til í umsögn sinni að eiginfjárukarnir verði þrepaðir inn fyrir en gert er ráð fyrir í frumvarpinu eða frá 1. júlí 2015 til 1. janúar 2016 en slíkt sé æskilegt m.a. með hliðsjón af fyrirhugaðri losun fjármagnshafna. SFF telur í umsögn sinni að nýta beri svigrúm tilskipunarinnar til innleiðingar og væri því nær að miða innleiðingu eiginfjárukanna við 1. janúar 2017 til 1. janúar 2018.



Eiginfjaraukarnir eru innleiddir þannig á Norðurlöndunum. Ísland er sett inn á listan og miðað við að frumvarpið verði samþykkt óbreytt til samanburðar:

**Verndunarauki:**

Svíþjóð – full innleiðing 1. júlí 2014.  
Noregur – full innleiðing 1. júlí 2013.  
Danmörk – þrepaður inn frá árinu 2016 til 2019.  
Finnland – full innleiðing 1. janúar 2015.  
Ísland – þrepaður inn frá 1. janúar 2016 til 1. júlí 2016.

**Sveiflujöfnunarauki:**

Svíþjóð – full innleiðing 1. júlí 2014.  
Noregur – full innleiðing 4. október 2013.  
Danmörk – þrepaður inn frá 2015 – 2019.  
Finnland – full innleiðing 1. janúar 2015.  
Ísland – þrepaður inn frá 1. janúar 2016 til 1. janúar 2017.

**Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu:**

Svíþjóð – full innleiðing 1. júlí 2014 (aðlögunartími gefin fyrir minni fyrirtæki).  
Noregur – þrepaður inn frá 1. júlí 2013 til 1. júlí 2014.  
Danmörk – innleiddur 1. janúar 2015 (en þrepaður inn að hluta frá 2015 – 2019).  
Finnland – hefur ekki verið lögfestur en finnska fjármálaráðuneytið vinnur að lagabreytingu.  
Ísland – þrepaður inn frá 1. janúar 2016 til 1. júní 2016.

**Eiginfjáruki á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki:**

Svíþjóð – full innleiðing 1. janúar 2016.  
Noregur – þrepaður inn frá 1. júlí 2015 til 1. janúar 2016.  
Danmörk – Danir nota eiginfjáruka vegna kerfisáhættu til að ná utan um kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.  
Finnland – full innleiðing frá 1. janúar 2016.  
Ísland – full innleiðing 1. janúar 2016.

Með hliðsjón af því hvernig Norðurlandþjóðirnar hafa ákveðið að innleiða eiginfjárukanna í landsrétt sinn er ekki hægt að segja að íslenska ríkið sé að hlaupa á undan öðrum þjóðum. Norðmenn hafa nú þegar tekið upp allar heimildir og eru Svíar langt komnir með að innleiða eiginfjárukanna að fullu. M.a. vegna gjaldeyrishafta og fyrirhugaðra aðgerða við losun þeirra er full ástæða til þess að heimildir til þess að beita öllum eiginfjárukum verði teknar upp sem fyrst í íslenskan rétt. Með hliðsjón af samanburði við önnur Norðurlönd leggur ráðuneytið til að heimild til þess að setja á eiginfjáruka vegna kerfisáhættu og sveiflujöfnunarauki taki að fullu gildi 1. janúar 2016 en verði ekki þrepuð inn eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

**Breytingar:**

Orðin „og getur gildi eiginfjárukans þá hæst orðið 5% fram til 1. júní 2016.“ í 1. tölul. 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins falli á brott.  
Orðin „og getur gildi sveiflujöfnunaraukans þá hæst orðið 2,5% fram til 1. janúar 2017“ í 3. tölul. 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins falli á brott.

**IV. Fylgiskjöl með minnisblaði þessu:**

1. Viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um mat á hæfi stjórnarmanna o.fl. (e. Guidelines for assessing the suitability of members of the management body and key

function holders).

2. Sænskar reglur um áhættustýringu o.fl. - Finansinspektionens föreskrifter och allmänna råd om styrning, riskhantering och kontroll i kreditinstitut (FFFS 2014:1).

## **V. Yfrlit yfir breytingar sem lagðar eru til:**

### **1. gr.**

Í stað orðanna „eða önnur hlutdeild“ í a-lið 1. gr. frumvarpsins komi „önnur hlutdeild“.

### **4. gr.**

Horfið verði frá breytingu á 7. gr. laganna og nýr 2. másl. 1. mgr. 2. gr. laganna hljóði svo: Við mat á umsókn um veitingu starfsleyfis er Fjármálaeftirlitinu óheimilt að leggja til grundvallar sjónarmið um þarfir á fjármálamarkaði hér á landi.

### **5. gr.**

b-liður 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins falli brott.

Nýr 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo: fjármálafyrirtæki geti ekki sýnt fram á að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánadrottnum og/eða innlánseigendum,

### **10. gr.**

Orðin „framangreinda aðila“ komi í stað orðsins „hann“ í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

3. másl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins orðast þannig: Samtala láns og annarrar fyrirgreiðslu sem heimilt er að veita hverjum og einum aðila og aðila í nánnum tengslum við þá sem tilgreindir eru í 1. másl. má hæst vera 200 millj. kr. að teknu tilliti til takmarkana skv. 30. gr.

Orðin „eftir því sem kostur er“ falli brott úr 4. másl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

8. másl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins fellur brott.

Nýr máslíður bætist við 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins sem orðast svo: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu fyrir því að fara yfir fjárhæð skv. 3. másl. 2. mgr. í sérstökum tilvikum og er heimilt að kveða á um slík tilvik í reglum sem það setur samkvæmt 1. másl.

### **14. gr.**

Í stað orðsins „starfsdagar“ í 2. og 5. másl. 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins komi „virkir dagar“.

### **15. gr.**

Breyting 15. gr. frumvarpsins orðist svo: Á eftir 1. másl. 1. mgr. 43. gr. laganna kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Hafi Fjármálaeftirlitið óskað eftir upplýsingum skv. 42. gr. og þær ekki borist innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í ákvæðinu, eða þær eru ófullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins, getur Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

### **19. og 20. gr.**

Í stað orðanna „óflekkad mannorð“ í 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins komi „góðan orðstír“. ásamt þessu leggur ráðuneytið til að þau dæmi sem kveðið er á um í lok blaðsíðu 3 og byrjun blaðsíðu 4 í umsögn FME verði í nefndaráliti tekin sem dæmi um þau atriði sem FME hefur heimild til þess að horfa til þegar mat á hæfi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra fer fram.

Á eftir orðinu „fjármálasamsteypu“ í 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins komi orðin „eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda aðila“.

### **24. gr.**

b-liður 24. gr. frumvarpsins orðast þannig: 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess, eða aðila í nánnum tengslum við þá, fer samkvæmt reglum sem stjórn fjármálafyrirtækis setur og birtar skulu opinberlega.

### **25. og 26. gr.**

#### **Í b-lið 26. gr.**

2. másl. 1. mgr. b-liðar 26. gr. orðist svo: Ákvæðið tekur m.a. til framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra og aðra sem heyra beint undir stjórn fyrirtækisins,

lykilstarfsmanna, starfsmanna eftirlitseininga og annarra starfsmanna sem njóta sambærilegra heildarstarfskjara og framkvæmdastjóri, aðstoðarframkvæmdastjóri og lykilstarfsmenn.

### **Í c-lið 26. gr.**

Í stað orðanna „að minnsta kosti helmingur ákvarðaðra breytilegra starfskjara starfsmanna fjármálafyrirtækis skal samanstanda af hlutabréfum,“ í 1. másl. 1. mgr. c-lið 26. gr. frumvarpsins komi orðin „Í tilviki starfsmanna sem kveðið er á um í 1. mgr. 57. gr. c skal að minnsta kosti helmingur ákvarðaðra breytilegra starfskjara samanstanda af hlutabréfum,“.

Nýr 3. másl. 1. mgr. c-lið 26. gr. frumvarpsins sem orðist svo: Stjórn fjármálafyrirtækis er heimilt að ákveða að breytileg starfskjör skuli ekki ákvarðast skv. 1. másl. þegar um er að ræða starfsmenn eftirlitseininga.

Nýr lokamálsliður bætist við 1. mgr. c-lið 26. gr. sem hljóðar svo: Ef starfsreglur fjármálafyrirtækis heimilla að breytileg starfskjör séu ákvörðuð starfsmönnum eftirlitseiningar fyrirtækisins mega slík starfskjör ekki ákvarðast eftir árangri, eða taka mið af, einingu fyrirtækisins sem eftirlitseiningin hefur eftirlit með.

### **Í d-lið 26. gr.**

Nýr 3. málsliður bætist við 2. mgr. d-lið 26. gr. frumvarpsins sem hljóðar svo: Í starfsreglum skal kveðið á um að ef staða fjármálafyrirtækis hefur versnað verulega, eða útilit er fyrir að staða þess muni versna verulega, er heimilt að endurkrefja starfsmenn sem kveðið er á um í 1. mgr. 57. gr. c um þegar útgreidd breytileg starfskjör og skal heimildin ná þrjú ár aftur í tímann frá því tímamarki þegar fjármálafyrirtæki fyrst fullnægði ekki eiginfjákröfu 1. mgr. 84. gr. eða samanlagðri kröfu um eiginfjáruka skv. 3. mgr. 84. gr. a.

Í stað orðsins „einkum“ í 1. másl. 2. mgr. d-lið 26. gr. frumvarpsins komi því orðið „sérstaklega“.

Á eftir 1. másl. 3. mgr. d-lið 26. gr. frumvarpsins kemur nýr málsliður sem orðast svo: Í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 1. másl. skal vera heimilt að endurkrefja starfsmenn sem fala undur 1. mgr. 57. gr. c um þegar útgreidd breytileg starfskjör á sama hátt og gildir skv. 3. másl. 2. mgr.

### **29. gr.**

Í stað orðsins „framkvæmdastjórn“ í 9. mgr. i-liðar 29. gr. frumvarpsins komi orðið „framkvæmdastjóri“.

### **30. gr.**

1. másl. 1. mgr. c-liðar 30. gr. frumvarpsins orðist því svo: Fjármálaeftirlitið skal kveða á um eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fyrirtæki árlega að undangengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikráði.

Í stað orðsins „umsagnar“ í 3. másl. 1. mgr. c-lið 30. gr. frumvarpsins komi orðið „tilmæli“ í sama málslið.

2.-5. málsliður 1. mgr. d-liðar 30. gr. frumvarpsins verði því felldir á brott og í staðinn komi eftirfarandi: Fjármálastöðugleikaráð skal ársfjórðungslega leggja fram tilmæli um gildi sveiflujöfnunarauka fyrir hvern ársfjórðung. Tilmæli fjármálastöðugleikaráðs skulu einkum byggjast á tillögum og greiningu kerfisáættunefndar, sbr. lög um fjármálastöðugleikaráð, nr. 66/2014. Hækkun á sveiflujöfnunarauka skal taka gildi eigi síðar en 12 mánuðum eftir ákvörðun þess efnis. Heimilt er að kveða á um styttri tímafresti en skv. 4. másl. ef óvenjulegar aðstæður skapast á fjármálamarkaði og skal það þá sérstaklega rökstutt. Tilmæli fjármálastöðugleikaráðs og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kveða á um sveiflujöfnunarauka, lækkun eða hækkun hans, skal rökstudd og birt opinberlega, þó að teknu tilliti til 58. gr. laga þessara og 10. gr. laga nr. 66/2014, um fjármálastöðugleikaráð.

### **31. gr.**

e-liður 31. gr. orðist þannig: yfirlit yfir hvers konar styrki eða niðurgreiðslur, og fjárhæð

þeirra, sem félagið hefur þegið frá hinu opinbera á reikningsárinu,

**42. gr.**

Orðin „og Fjármálaeftirlitsins“ bætast við á eftir orðinu „ráðuneytisins“ í lok bráðabirgðaákvæða I og II.

Nýr 3. másl. bráðabirgðaákvæðis IV orðist svo: Birtingar á heimasíðum ráðuneytisins og Fjármálaeftirlitisins skal ráðherra auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.

**45. gr.**

Orðin „og getur gildi eiginfjárukans þá hæst orðið 5% fram til 1. júní 2016.“ í 1. tölul. 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins falli á brott.

Orðin „og getur gildi sveiflujöfnunaraukans þá hæst orðið 2,5% fram til 1. janúar 2017“ í 3. tölul. 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins falli á brott.